

# Skýrsla

**Vegagerðarinnar  
um framkvæmd samgönguáætlunar 2009  
Vegáætlun**



**Janúar 2011**

Útgefandi: Vegagerðin  
janúar 2011  
Ritstjóri: Rögnvaldur Gunnarsson  
Uppsetning og aðstoð: Viktor Arnar Ingólfsson

Prentun: ODDI

## Efnisyfirlit

4. VEGÁÆTLUN .....	5
4.1. Fjármál .....	5
I ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN .....	5
4.1.1. TEKJUR OG FRAMLÖG .....	6
4.1.2. VIÐSKIPTAHREYFINGAR .....	7
II SKIPTING ÚTGJALDA .....	8
4.1.3. REKSTUR VEGAGERÐARINNAR .....	10
4.1.4. ÞJÓNUSTA, STYRKIR, RANNSÓKNIR OG VIÐHALD .....	12
4.1.4.1. Þjónusta .....	12
4.1.4.2. Styrkir til ferja og sérleyfishafa .....	17
4.1.4.3. Styrkir til innanlandsflugs .....	16
4.1.4.4. Rannsóknir .....	18
4.1.4.5. Viðhald .....	20
4.1.5. STOFNKOSTNAÐUR .....	27

## Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Greinargerð um framkvæmdir, Suðursvæði .....	30
Fylgiskjal 1 Greinargerð um framkvæmdir, Suðvestursvæði .....	38
Fylgiskjal 1 Greinargerð um framkvæmdir, Norðvestursvæði .....	47
Fylgiskjal 1 Greinargerð um framkvæmdir, Norðaustursvæði .....	61
Fylgiskjal 2 Samgönguverkefni, ársreikningur 2009 .....	76
Fylgiskjal 3 Rekstur Vegagerðarinnar, ársreikningur 2009 .....	78



## 4. VEGÁÆTLUN

Skýrsla Vegagerðarinnar um framkvæmd vegáætlunar samgönguáætlunar 2009.

## 4.1 Fjármál

## I ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

Í fjárlögum 2009 var gert ráð fyrir mörkuðum tekjum að upphæð 14.955 m.kr., auk 10 m.kr. í tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða. Í fjáraukalögum voru gerðar breytingar, áætlun um bensínjald var hækkuð um 233,7 m.kr., áætlað olúgjald var lækkað um 435,5 m.kr. og áætlun þungaskatts var lækkuð um 221,3 m.kr. Þannig að áætlun um markaðar tekjur lækkaði um 423,1 m.kr. og varð þá 14.531,9 m.kr.

Framlag úr ríkissjóði nam 4.399 m.kr. og fyrirfram ráðstöfun markaðra tekna var 9.449 m.kr. en alls fékk Vegagerðin til ráðstöfunar 28.364,2 m.kr.

	Fjár- lög m.kr.	Fjár- auka- lög m.kr.	Samtals fjár- veitingar m.kr.	Raun- tekjur m.kr.
4.1.1 Tekjur og framlög				
1.1. Markaðar tekjur				
1. Bensínjald . . . . .	7.377	234	7.611	7.730
2. Þungaskattur, km-gjald . . . . .	1.229	-221	1.008	974
4. Olúgjald . . . . .	6.349	-436	5.913	6.204
5. Leyfisgjöld flutninga . . . . .	4	0	4	8
6. Leyfisgjöld leigubifreiða . . . . .	6	0	6	8
	14.965	-423	14.542	14.924
1.2. Ríkisframlag . . . . .	344	0	344	344
1.3. Framlög til jarðganga . . . . .	4.255	-200	4.055	4.055
Framlag úr ríkissjóði alls	4.599	-200	4.399	4.399
Tekjur og framlög alls	19.564	-623	18.941	19.322
4.1.2 Viðskiptahreyfingar				
1. Afskrift markaðra tekna . . . . .	75	0	75	-75
2. Vegna skuldar frá 1999 . . . . .	0	-332	-332	-332
3. Ráðstöfun inneignar markaðra tekna .	0	0	0	0
4. Fyrirfram ráðstöfun markaðra tekna . .	12.475	-2.795	9.681	9.449
Afborganir alls	12.550	-3.127	9.424	9.042
Samtals	32.114	-3.750	28.364	28.364

Nokkur hluti af fjárveitingum til Vegagerðarinnar fer í greiðslur beint til ríkissjóðs. Á árinu 2009 er um að ræða afborganir og vexti af lánnum vegna flýtingar framkvæmda á árinu 1999, 332 m.kr. Í ríkisreikningi eru þessar upphæðir ekki færðar sem kostnaður hjá Vegagerðinni heldur sem lækkun á framlagi til hennar.

### 4.1.1. TEKJUR OG FRAMLÖG

#### *Bifreiðaeign*

Samkvæmt tölum frá Umferðarstofu voru nýskráðar fólksbifreiðir 2.211 á árinu 2009 á móti 9.028 árið áður sem samsvarar 75,5% færri skráningum. Á sama tíma voru nýskráðar 8 hópferðabifreiðir á móti 37 árið áður sem samsvarar um 78,4% fækkun. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 351 á árinu 2009 en voru 1.521 árið áður og er það 76,9% fækkun skráninga á milli ára. Minnkun í nýskráningum mótorhjóla var 62% en nýskráð voru 235 hjól á móti 618 árið á undan.

Í fyrsta skipti frá því á milli árunna 1994 og 1995 fækkaði bifreiðum á skrá. Fækkunin nam 2,2% frá árinu á undan og eru nú skráðar 238.149 bifreiðir í landinu. Þetta hafði þau áhrif að fólksbifreiðaeign á hverja 1.000 íbúa minnkaði á milli ára úr 656 í 647, samkvæmt tölum frá Umferðarstofu. Í töflunni hér að neðan má sjá þróun undanfarinna ára.

	Bifreiða- eign 31.12.07	Nettó aukning í %	Bifreiða- eign 31.12.08	Nettó aukning í %	Bifreiða- eign 31.12.09
Fólksbifreiðir . . . . .	207.513	1,07	209.740	-2,10	205.338
Hópferðabifreiðir . . . . .	1.943	0,62	1.955	-3,43	1.888
Vöru- og sendibifreiðir . . . . .	31.095	2,33	31.819	-2,82	30.923
Samtals:	240.551	1,23	243.514	-2,20	238.149

#### *Bensínjald*

Bensínsalan 2009 nam 208,5 milljónum lítra sem er aukning um 0,9 milljónir lítra frá 2008. Samkvæmt tölum frá Ríkisbókhaldi voru innheimtar tekjur af bensínsölunni, þ.e. bensín-  
gjaldið, 7.730,2 m.kr. árið 2009. Það er 353 m.kr. meira en tekjuspá fjárlaga gerði ráð fyrir.

Bensínbifreiðum hefur fjölgað um tæp 8% sl. fimm ár en sala á bensíni hefur aukist um 6% á sama tíma. Díselbifreiðum hefur fjölgað hlutfallslega mun meira á þessum tíma eða um tæp 67%.

Bensínjald er nú 37,07 kr./l en það hækkaði 11. desember 2008 úr 32,95 kr./l.

Í ársbyrjun 2009 kostaði lítrinn af 95 okt. bensíni 146,40 kr. frá dælu á bensínstöð með fullri þjónustu. Stanslaus stígandi var síðan í bensínverðinu allt árið og endaði verðið á lítranum í 193,20 kr./l um áramót Verðhækkun milli áramóta mælist 32%. Meðalverð ársins er hins vegar rúmlega 175 kr./l.

Ár	Bensínsala m.l	Meðaleyðsla líttrar á bifreið	Verð á lítra 31.12.		Bensínjald
			95 okt.	98 okt.	
1999	190,7	1.350	86,3	91,0	28,60
2000	189,2	1.275	96,0	100,7	28,60
2001	190,4	1.260	94,2	98,9	28,60
2002	192,4	1.269	96,3	100,1	28,60
2003	194,0	1.259	99,9	104,6	28,60
2004	196,8	1.233	104,6	105,4	30,89
2005	200,3	1.196	113,3	118,9	30,89/32,95
2006	210,5	1.207	117,7	119,3	32,95
2007	219,1	1.220	137,9	140,5	32,95
2008	207,4	1.143	146,4	168,0	32,95
2009	208,5	1.168	193,2	193,2	37,07

### *Þungaskattur*

Á árinu voru innheimtar tekjur af þungaskatti alls 974 m.kr. Í fjárlögum var gert ráð fyrir 1.229 m.kr. þannig að það vantaði um 255 m.kr. upp á að áætlunin stæðist. Fjárlagatölur miðuðust við mun hærra gjald allt árið en það var lækkað um 20% í maí 2009. Skatturinn er í formi km-gjalds og er aðeins lagður á bifreiðir sem eru yfir 10 tonn að leyfðum heildarþunga. Gjald fyrir bíl í léttasta flokki, þ.e. 10-11 tonn er nú 0,26 kr./km og fer svo stighækkandi upp í 11,60 kr./km í flokki bifreiða sem eru 31 tonn og yfir að leyfðum heildarþunga.

### *Olúgjald*

Olúgjald hefur tekið örum hækkunum frá því í desember 2008 en þá hækkaði það um 5,12 kr./l úr 41 kr./l í 46,12 kr./l. Það hækkaði aftur um 5 kr./l í maí 2009 og fór þá í 51,12 kr./l. Í ársbyrjun 2010 var það svo hækkað í 52,77 kr./l. Innheimta tekna af olúgjaldinu var rúmlega 6.204 m.kr. á árinu sem er 145 m.kr. minna en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Samkvæmt innheimtutölum var salan um 127 milljónir lítra á árinu 2009.

### *Leyfisgjöld flutninga og leigubifreiða*

Innheimt leyfisgjöld flutninga voru samtals 7,8 m.kr. á árinu 2009. Það er um 3,8 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir. Innheimt leyfisgjöld leigubifreiða voru um 7,7 m.kr. sem er 1,7 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir. Heildartekjur voru því 15,5 m.kr. sem er 5,5 m.kr. meira en áætlað hafði verið.

### *Ríkisframlag*

Eins og áður sagði breyttust tölur um framlag ríkisins nokkuð innan ársins þannig að niðurstaðan varð sú að framlag ríkisins vegna styrkja til innanlandsflugs var 343,8 m.kr. og framlag til jarðganga var 4.055 m.kr.

### *Fjáraukalög*

Í fjáraukalögum voru framlög til Vegagerðarinnar lækkuð. Framlög til rekstrar lækkuðu um 46,6 m.kr., framlög til rannsókna lækkuðu um 3 m.kr. og framlög vegna stofnkostnaðar lækkuðu um 3.700 m.kr.

## **4.1.2. VIÐSKIPTAHREYFINGAR**

Á árinu 2009 voru afskrifaðar markaðar tekjur að upphæð 75 m.kr. Einnig voru ríkissjóði endurgreiddar 332 m.kr. vegna flýtingar framkvæmda á árinu 1999 og ráðstafað fyrirfram mörkuðum tekjum að upphæð 9.449 m.kr.

## II SKIPTING ÚTGJALDA

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting fjárveitinga til Vegagerðarinnar á árinu 2009 samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum. Fjárlög gerðu ráð fyrir ráðstöfun 32.113,8 m.kr. Niðurskurður samkvæmt fjárukalögum var síðan 3.749,6 m.kr. Fjárveitingar til Vegagerðarinnar árið 2009 voru því alls 28.364,2 m.kr.

Samþykkt vegáætlun var ekki fyrirbyggjandi.

	Fjárlög 2009	Fjárukalög 2009	Fjárveiting 2009
<b>10-211 Rekstur Vegagerðarinnar</b>			
<b>4.1.4 Rekstur Vegagerðarinnar</b>			
1.01 Almennur rekstur .....	606,9	-46,6	560,3
1.02 Umsýslugjald .....	80,9		80,9
<b>Rekstur samtals</b>	<b>687,8</b>	<b>-46,6</b>	<b>641,2</b>
<b>10-211 Samgönguverkefni</b>			
<b>4.1.5 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald</b>			
1.07 Þjónusta .....	3.694,1		3.694,1
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa .....	1.071,9		1.071,9
1.13 Styrkir til innanlandsflugs .....	343,8		343,8
1.21 Rannsóknir .....	151,6	-3,0	148,6
5.10 Viðhald .....	5.178,7		5.178,7
<b>Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald samtals</b>	<b>10.440,1</b>	<b>-3,0</b>	<b>10.437,1</b>
<b>4.1.6 Stofnkostnaður</b>			
6.10 Stofnkostnaður/framkvæmdir .....	20.910,9	-3.700,0	17.210,9
<b>Stofnkostnaður samtals</b>	<b>20.910,9</b>	<b>-3.700,0</b>	<b>17.210,9</b>
Afskrift markaðra tekna:	75,0		75,0
<b>Samtals:</b>	<b>32.113,8</b>	<b>-3.749,6</b>	<b>28.364,2</b>

*Verðlagsforsendur og afkoma 2009 og yfirlit yfir fjármagn til vegamála*


Innheimta markaðra tekna án leyfisgjalda var árið 2009 14.908 m.kr. eða 376 m.kr. hærri upphæð en áætlað hafði verið við gerð fjárlaga. Tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða voru hærri en áætlað hafði verið eða 15,5 m.kr. á móti 10 m.kr. áætlun.

Árið 2009 rann í ríkissjóð 80,9 m.kr. umsýslugjald af mörkuðum tekjum. Ríkissjóður lagði til 344 m.kr. ríkisframlag og 4.055 m.kr. framlag til jarðganga. Endurgreiðslur og afborganir lána voru samtals 306,2 m.kr. og engin lán voru tekin á árinu.


Vegagerðin fékk til ráðstöfunar 28.364,2 m.kr. á árinu.



Í súluritinu hér að neðan kemur fram framlag til vegamála í m.kr. árin 1999 til 2009 á verðlagi ársins 2009.



Hér fyrir neðan má sjá framlag til vegamála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á árunum 1999-2009.



### 4.1.3. REKSTUR VEGAGERÐARINNAR

Fjárveiting til almenns rekstrar í fjárlögum 2009 með síðari breytingum var 560,3 m.kr. Starfsemi sem fellur undir þennan lið er yfirstjórn Vegagerðarinnar, framkvæmdasvið, stjórnýslusvið og þróunarsvið. Þá fellur undir þennan lið upplýsingaþjónusta og umferðar-  
eftirlit. Til rekstrar Vegagerðarinnar er einnig talið umsýslugjald sem greitt er til ríkissjóðs og er það tekið af mörkuðum tekjum. Umsýslugjald samkvæmt fjárlögum var 80,9 m.kr. á árinu 2009

#### Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 302 í lok árs 2009 í 289,2 stöðugildum en voru 311 í lok árs 2008. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 2009 var 328, sá sami og árið 2008. Heildarvinnuframlag á árinu 2009 reiknað í dagvinnustundum nam 390,9 mannaárum og hafði minnkað úr 397,6 frá árinu 2008. Launagreiðslur voru 1.878 m.kr. á árinu 2008 og launatengd gjöld 406 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir kjarasamningum og staðsetningu.

	Reykja- vík	Suður- svæði	Suðvestur svæði	Norðvestur svæði	Norðaustur svæði	Samtals
Félag íslenskra náttúrufræðinga . . . . .	4	0	1	1	5	11
Kjarafélag tæknifræðinga . . . . .	15	3	5	8	7	38
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga . . . . .	8	0	0	1	0	9
Kjararáð . . . . .	1	0	0	0	0	1
Rafiðnaðarsamband Íslands . . . . .	0	0	1	0	0	1
Samiðn . . . . .	1	3	0	5	4	13
SFR stéttarfélag almannaþjónustu . . . . .	35	8	3	24	16	86
Starfsgreinasamband Íslands . . . . .	0	7	4	32	21	64
Stéttarfélag bókasafnsfræðinga . . . . .	1	0	0	0	0	1
Stéttarfélag lögfræðinga . . . . .	3	0	0	0	0	3
Stéttarfélag verkfræðinga . . . . .	14	1	3	5	3	26
Fræðagarður . . . . .	8	0	0	2	1	11
Verkstjórásamband Íslands . . . . .	0	3	4	17	14	38
Fastir starfsmenn 1. janúar 2010	90	25	21	95	71	302
Fastir starfsmenn 1. janúar 2009	90	26	20	101	74	311
Fastir starfsmenn 1. janúar 2008	94	26	20	97	74	311
Fastir starfsmenn 1. janúar 2007	93	26	19	104	78	320
Fastir starfsmenn 1. janúar 2006	95	29	21	106	77	328
Fastir starfsmenn 1. janúar 2005	96	31	20	102	78	327
Fastir starfsmenn 1. janúar 2004	92	32	19	107	78	328
Fastir starfsmenn 1. janúar 2003	107	29	29	109	83	357
Fastir starfsmenn 1. janúar 2002	103	27	29	108	85	352
Fastir starfsmenn 1. janúar 2001	100	28	29	105	79	341
Fastir starfsmenn 1. janúar 2000	106	26	30	102	74	338
Fastir starfsmenn 1. janúar 1999	94	26	41	102	76	339

### *Yfirstjórn*

Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og þrjú svið stofnunarinnar þ.e. framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Í yfirstjórn eru vegamálastjóri, aðstoðarvegamálastjóri og framkvæmdastjórar sviða.

Framkvæmdasvið skiptist í fimm deildir: brúadeild, framkvæmdadeild, jarðgangadeild, veghönnunardeild og þjónustudeild. Stjórnsýslusvið skiptist í fimm deildir: fjárreiðudeild, hagdeild, lögfræðideild, rekstrardeild og starfsmannadeild.

Þróunarsvið skiptist í fimm deildir: áætlana- og umhverfisdeild, jarðfræðideild, rannsóknadeild, umferðardeild og upplýsingatæknideild.

Auk framangreinds heyrir undir þennan lið skrifstofa vegamálastjóra, almannatengsl, útgáfustarfsemi, árangurs- og eftirlitsdeild, gæðastjóri og innri endurskoðun. Eftirlauna-greiðslur til fyrrverandi starfsmanna teljast einnig til þessa liðar.

### *Upplýsingaþjónusta*

Á þjónustudeild framkvæmdasviðs er séð um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar. Í umferðarþjónustu er rekin upplýsingamiðstöð fyrir vegfarendur, en miðlun upplýsinga um veður og færð er sífellt mikilvægari þáttur fyrir vegfarendur, og er þessari þjónustu stjórnað úr miðstöð í samvinnu við svæði Vegagerðarinnar. Í upplýsingamiðstöðinni er jafnframt safnað saman fjölbættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, áspunga, frost í jörð, veður og færð og er unnið að því að flest þessara mælitækja verði sjálfvirk og gefi upplýsingar strax til þeirra sem á þeim þurfa að halda.

### *Umferðareftirlit*

Umferðareftirlit Vegagerðarinnar tilheyrir lögfræðideild stjórnsýslusviðs. Umferðareftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með stærð og þyngd ökutækja, hleðslu- og frágangi farms, aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og ökumæla og eftirlit tengt framkvæmd laga um fólks- og farmflutninga og laga um leigubifreiðir. Auk þess annast umferðareftirlit í umboði Ríkisskattstjóra framkvæmd eftirlits með notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu samkvæmt lögum um olíugjald og kílómetragjald.

Umferðareftirlit er staðsett á þremur starfsstöðvum Vegagerðarinnar, í Reykjavík, á Akureyri og Reyðarfirði. Fjórar eftirlitsbifreiðir voru notaðar við eftirlit á vegum á árinu. Tvær bifreiðir voru gerðar út frá Reykjavík, ein frá Akureyri og ein frá Reyðarfirði. Í árslok voru 10 umferðareftirlitsmenn við störf auk deildarstjóra. Deildarstjóri umferðareftirlits er staðsettur á Akureyri. Í Reykjavík voru sjö umferðareftirlitsmenn. Ekki var ráðið í stað eftirlitsmanns sem hætti störfum á Akureyri og eru nú aðeins tveir eftirlitsmenn á Akureyri. Sú breyting varð á Reyðarfirði að eftirlitsmaður sem þar er staðsettur vann við eftirlit með færð og vetrarþjónustu yfir vetrartímamann.

Eftirlit á vegum fer að jafnaði fram á þar til gerðum eftirlitsstöðum meðfram vegum þar sem ökutæki eru stöðvuð til eftirlits. Skráð afskipti á árinu voru 7.698 sem er 15% fjölgun frá fyrra ári. Skýrslum fækkaði hins vegar og reyndist um brot að ræða í um 11% tilvika í stað 15% árið 2008. Eftirlit á vegum felst einkum í vigtun ökutækja auk þess sem gerðar eru aðrar nauðsynlegar athuganir til að ganga úr skugga um að ástand ökutækja, hleðsla og frágangur farms og aksturs- og hvíldartími ökumanna sé í samræmi við reglur. Loks er kannað hvort ástæða sé til að ætla að um óheimila notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu sé að ræða og tekin olíusýni ef tilefni er til. Þá má nefna að höfð eru afskipti af rekstrar- og atvinnuleyfisskyldri starfsemi með þeim hætti sem rúmast innan ramma takmarkaðra eftirlitsheimilda en eftirlit er að meginstefnu í höndum leyfisveitingadeildar og viðkomandi starfsgreinar. Eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna fer auk framangreinds fram með því að kallað er eftir

upplýsingum um aksturs- og hvíldartíma frá flytjendum til skoðunar og voru með þeim hætti skoðaðar upplýsingar um 4.778 akstursdaga sem eru nær tvöfalt fleiri dagar en árið 2008. Eftirlit með notkun litaðrar gjaldfrjálsrar olíu er í ýmsu frábrugðið öðru eftirliti og kallar á aðrar aðferðir en hefðbundið eftirlit á vegum. Þar má nefna eftirlit við sólustaði og sérstakar eftirlitsferðir í samstarfi við ríkisskattstjóra til athugunar á því hvort meðferð og notkun litaðrar olíu sé í samræmi við reglur.

#### *Umsýslugjald*

Vegagerðin greiðir umsýslugjald til ríkissjóðs af mörkuðum tekjum og telst það til útgjalda hennar.


#### **4.1.4. ÞJÓNUSTA, STYRKIR, RANNSÓKNIR OG VIÐHALD**

Samkvæmt fjárlögum með síðari breytingum voru fjárveitingar til þjónustu vegakerfisins 3.694,1 m.kr., styrkir til ferja og sérleyfishafa 1.071,9 m.kr., styrkir til innanlandsflugs 343,8 m.kr., fjárveitingar til rannsókna 148,6 m.kr. og til viðhalds vegakerfisins 5.178,7 m.kr. Samtals voru fjárveitingar til þessara liða 10.437,1 m.kr.


##### *4.1.4.1 Þjónusta*

Fjárveiting til þjónustu stofn- og tengivega á árinu 2009 var 3.694,1 m.kr. Verkefni í þjónustu skiptist í fimm meginflokka, veggöng, viðhald vegmerkinga, samninga við sveitarfélög, viðhaldssvæði og vetrarviðhald. Heildarkostnaður við þjónustu stofn- og tengivega var 3.645 m.kr. á árinu 2009. Hér er fjallað sérstaklega um almenna þjónustu, þ.e. veggöng, viðhald vegmerkinga, samninga við sveitarfélög og viðhaldssvæði og sérstaklega um vetrarviðhald.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til almennrar þjónustu stofn- og tengivega á árunum 1999-2009. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2009. Athygli er vakin á því að frá árinu 2008 eru fjárveitingar til vegheflunar og rykbindingar malarvega taldar með fjárveitingum til endurnýjunar malarlittlaga undir viðhaldsliðnum malarvegir.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við almenna þjónustu stofn- og tengivega á árunum 1999-2009. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2009. Athygli er vakin á því að frá árinu 2008 er kostnaður við vegheflun og rykbindingu malarvega talinn með kostnaði við endurnýjun malarlitlaga undir viðhaldsliðnum malarvegir.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður við almenna þjónustu á árinu 2009 skiptist milli hinna einstöku flokka þjónustunnar og milli svæða Vegagerðarinnar.

Svæði/útgjaldaliður	Sam- eigin- legt m.kr.	Suður- svæði m.kr.	Suð- vestur- svæði m.kr.	Norð- vestur- svæði m.kr.	Norð- austur- svæði m.kr.	Sam- tals m.kr.
Veggöng . . . . .	0	0	0	22	37	59
Viðhald vegmerkinga . . . . .	101	149	201	223	202	876
Samningar við sveitarfélög** . . .	0	23	291	47	56	417
Viðhaldssvæði . . . . .	18	90	78	173	117	476
Samtals . . . . .	119	262	570	465	412	1.828

\*\* Vegagerðin hefur samið við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á þjóðvegum

### *Veggöng*

Fjárveitingu til vegganga var varið til reksturs og viðhalds jarðganga, þ.m.t. kostnað við eftirlit og rekstur og viðhald á upplýsinga- og öryggiskerfum þeirra, raflýsingu, þrif og hreinsun, ásamt eðlilegu viðhaldi og endurbótum á búnaði. Kostnaður vegna viðhalds og reksturs jarðganga var 60 m.kr. á árinu 2009

### *Viðhald vegmerkinga*

Fjárveitingu til vegmerkinga var varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingu, endurnýjun og viðhald á kantstikum, vegriðum og umferðarmerkjum. Kostnaður vegna viðhalds vegmerkinga var 876,7 m.kr á árinu 2009.

### *Samningar við sveitarfélög*

Fjárveitingu til þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þjóðvegum í þéttbýli. Samkvæmt 14. grein vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum veghald einstakra vegarkafra þjóðvega að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við mörg sveitarfélög um að þau annast þjónustu á vegum innan þeirra. Vegagerðin annast sjálf þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var 416 m.kr. á árinu 2009.


### *Viðhaldssvæði*

Fjárveitingu var varið til að greiða kostnað við umsjónar- og eftirlitsvinnu með vegamannvirkjum, þ.m.t. eftirlit með áspunga bifreiða og merkingar vegna vegaskemmda og takmarkana á áspunga. Kostnaður vegna þessa verkefnis var 476,4 m.kr. á árinu 2009.


### *Vetrarviðhald*

Fjárveitingum til vetrarviðhalds er ætlað að greiða allan kostnað við snjómokstur og hálkuvarnir á vegakerfinu í samræmi við gildandi snjómokstursreglur. Innifalið í þeim kostnaði er einnig stjórnun og stýring vetrarþjónustunnar, uppsetning og rekstur mælitækja og upplýsingbúnaðar um færð á vegakerfinu og ástand vega að vetri til. Kostnaður við vetrarviðhald var um 1.817 m.kr. á árinu 2009.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til vetrarviðhalds stofn- og tengivega á árunum 1999-2009. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2009.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við vetrarviðhald stofn- og tengivega á árunum 1999-2009. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2009.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður við vetrarviðhald á árinu 2009 skiptist milli svæða Vegagerðarinnar.

Svæði/útgjaldaliður	Sam- eigin- legt m.kr.	Suður- svæði m.kr.	Suð- vestur- svæði m.kr.	Norð- vestur- svæði m.kr.	Norð- austur- svæði m.kr.	Sam- tals m.kr.
Vetrarviðhald .....	142	156	316	578	625	1.817

Á undanförunum árum hefur þjónusta á vegakerfinu að vetri til stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjómokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum. Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarviðhald er aftur á móti mjög háður veðurfari.

Í töflunni hér að neðan má sjá kostnað við vetrarviðhald á nokkrum vegarköflum á árinu 2009.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostnaður á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík-Hveragerði og Þrengslavegur	48	52,7	1.098
Holtavörðuheiði	37	20,0	540
Fróðárheiði	14	7,6	542
Steingrímsfjarðarheiði	47	19,0	403
Siglufjarðarvegur: Ketilás-Siglufjörður	25	16,0	640
Óxnadalsheiði	25	15,3	612
Dalvík-Ólafsfjörður	18	10,7	595
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	146	40,1	275
Vopnafjarðarheiði	51	18,2	356
Fjarðarheiði	24	28,1	1.169
Oddsskarð	23	25,5	1.109
Vegið meðaltal			552



Í töflunni hér að neðan má sjá hve lengi ýmsar leiðir og fjallvegir voru lokuð vegna snjóá á árinu 2009. Einnig kemur fram hve marga daga ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Jan.	Febr.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	% af 366 d.	Snjóm. dagar
Hellisheiði . . . . .	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	81
Fróðárheiði . . . . .	1	1	5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7	2	46
Svínadalur . . . . .	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	39
Klettsháls . . . . .	0	0	5	0	0	0	0	0	0	1	1	2	9	2	64
Hálfván . . . . .	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	63
Dynjandisheiði . . . .	25	26	30	14	0	0	0	0	0	0	3	15	113	31	6
Hrafseyrarheiði . . .	25	28	31	16	0	0	0	0	2	5	7	15	129	35	14
Steingrímsfjarðarheiði	0	0	2	2	0	0	0	0	0	0	0	1	5	1	96
Holtavörðuheiði . . . .	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	59
Vatnsskarð-nyrðra . .	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	44
Siglufjv:Fljót-Siglufj.	0	0	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	1	58
Lágheiði . . . . .	18	10	31	7	2	0	0	0	0	2	6	31	107	29	1
Öxnadalshaiði . . . . .	1	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	4	1	125
Dalvík-Ólafsfjörður .	0	0	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	1	81
Hólssandur . . . . .	31	28	31	27	22	0	0	0	0	29	30	31	229	61	0
Öxarfjarðarheiði . . . .	31	28	31	29	19	1	0	0	0	29	30	31	229	63	0
Sandvíkurheiði . . . . .	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	44
Vopnafjarðarheiði . . .	0	1	3	0	0	0	0	0	0	0	0	1	5	1	66
Möðrudalsöræfi . . . .	0	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	61
Hellisheiði-eystri . . .	30	28	31	29	12	0	0	0	0	10	18	31	189	52	0
Vatnsskarð-eystra . .	3	2	5	1	0	0	0	0	0	2	0	4	17	5	45
Fjarðarheiði . . . . .	0	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	3	1	142
Oddsakarð . . . . .	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	142
Breiðdalsheiði . . . . .	2	5	13	3	0	0	0	0	0	1	0	6	30	8	31
Öxi . . . . .	31	28	31	27	4	0	0	0	0	10	6	25	162	44	1

#### 4.1.4.2 Styrkir til ferja og sérleyfishafa

Fjarveiting til ferja og sérleyfishafa var 1.071,9 m.kr. Undir þennan lið falla styrkir til reksturs á ferjum, styrkir til áætlunarflugs til fámennra staða og styrkir til sérleyfa á landi. Heildarkostnaður á árinu 2009 var 1.080,6 m.kr.

#### Ferjur

Fjarveiting til þessa liðar árið 2009 var 714 m.kr. Heildarkostnaður nam 744,4 m.kr. Árið 2009 styrkti ríkið ferjurekstur á 6 ferjuleiðum en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Rekstrarsamningar eru í gildi milli Vegagerðarinnar og rekstraraðila ferjanna. Allar ferjuleiðir hafa verið boðnar út.

## Kostnaður við ferjur 2009

Ferjuleið	Rekstrarstyrkur m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Vestmannaeyjaferja, Herjólfur .....	393	61	454
Breiðafjarðarferja, Baldur .....	104	0	104
Ísafjarðardjúpsferja, Bliki .....	10	0	10
Hríseyjarferja, Sævar .....	62	5	67
Grímseyjarferja, Sæfari .....	75	18	93
Mjóafjarðarferja, Skrúður .....	12	0	12
Norðurfjarðarflutningar .....	1	0	1
Sameiginlegt .....	0	3	3
Samtals.....	657	87	744

*Sérleyfi á landi*

Undir þennan lið fellur sérleyfisakstur. Fjarveiting til þess liðar var 343,8 m.kr. Heildarkostnaður var 336,2 m.kr. Alls er ekið á um 40 sérleyfisleiðum.

*4.1.4.3 Styrkir til innanlandsflugs*

Fjarveiting í fjárlögum 2009 var 343,8 m.kr. Heildarútgjöld á árinu 2009 voru 346,1 m.kr. Áætlunarflug til sjö áfangastaða var styrkt á árinu 2009 Um er að ræða flug frá Reykjavík til Vestmannaeyja, Bíldudals, Gjögurs, Sauðárkróks og Hornafjarðar og flug frá Akureyri til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar.

*4.1.4.4 Rannsóknir*

Samkvæmt vegalögum sem gengu í gildi 1. janúar 2008 er það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna 1,5% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar. Árið 2009 var fjarveitingin upphaflega 151,6 milljónir, en síðan skorin niður í 148,6 milljónir. Markaðar tekjur Vegagerðarinnar árið 2009 voru hins vegar rúmlega 14,9 milljarðar, þannig að ef lagabókstafnum hefð verið fylgt hefði fjarveitingin átt að vera rúmlega 220 milljónir.

Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu 2009 og dæmi um verkefni undir þeim:

*Mannvirki*

- Áhrif Kyoto sáttmálans á gæði sements
- Áhrif salts á þreytuþol malbiks
- Bergtæknilegir eiginlekar mismunandi berggerða
- Evrópustaðlar, CEN/TC 154 og TC 227
- Flóðahandbók
- Hringvegurinn - Stytting, styrking og breytt þversnið
- Innleiðsla Evrópustaðla vegna brúarhönnunar
- Íslenskar basalttrefjar fyrir jarðskjálftaþolna steinsteypu
- Leiðbeiningar um efnisrannsóknir og efniskröfur
- Leiðbeiningar um vinnslu steinefna
- Líkan til að meta hagkvæmni steyptra og malbikaðra slitlaga
- Líkan um veður og ástand vega sem leiðir til þungatakmarkana að vetrarlagi
- Samanburður á slit og skriðeiginleikum SL- og SMA-malbiks.

Orkugleypni trefjabentrar sprautusteypu  
 Samanburður á stöðlum og venjum við lagningu  
 og viðhald klæðinga á Íslandi og í Washington fylki í Bandaríkjunum  
 Vinnsla bergs til vegagerðar og verklag við lagningu þess  
 Þvottabretti á malarvegum

### *Umferð*

Athugun á áhrifum hraðamyndavéla á umferðarhraða  
 Áhrif gufu frá Hellsheiðarvirkjun á umferðaröryggi  
 Banaslys í umferðinni  
 Bestun hálkuvarna  
 EuroRAP öryggisskoðun vega  
 Ferðaveðurspá, vindhviður og aðrir veðurþættir sem áhrif hafa á umferð  
 Hagsveiflur, umferð og umferðaslysapróun á Íslandi  
 Hönnunarleiðbeiningar fyrir veghönnun og varnir á snjóflóðasvæðum  
 Leiðbeiningar til ökumanna um áhrif veikinda á akstur og umferðaröryggi  
 Leiðbeiningar um hönnun þjóðvega í þéttbýli  
 Miklabraut/Kringlumýrarbraut – ávinningur af óhindruðum beygjustraumum  
 Umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga  
 Öryggissvæði við snjóflóðasvæði þjóðvega

### *Umhverfi*

Ferðamannavegir á hálendi Íslands  
 Flóðagreining með bayesískri tölfræði  
 Forgangsakreinar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu  
 Fuglalíf á endurheimtum vötnum á Vesturlandi  
 Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli  
 Loftslagsbreytingar og vegagerð  
 Nýting svarðlags við uppgræðslu námusvæða  
 Rannsóknir á flóðum íslenskra vatnsfalla  
 Skipulag á höfuðborgarsvæðinu  
 Varnargarðar úr malarefni – hönnun og hagnýting  
 Votlendi og vegagerð  
 Yfirborðskortlagning íslenskra jökla á heimskaутаárunum 2008-2009

### *Samfélag*

Arðsemismat vegagerðar og kvörðun þeirra þátta sem hafa áhrif á matið  
 Heilsuáhrif loftmengunar í Reykjavík  
 Rannsókn á mannlegum þáttum tengdum umferðaröryggi  
 Samgöngubætur og byggðapróun: Félagsleg, efnahagsleg og menningarleg  
 áhrif Héðinsfjarðarganga á mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga  
 Skynjun íbúa og ferðamanna á hættu vegna eldgoss og viðbrögð þeirra  
 við náttúrvá tengdri Kötlu  
 Umferðarstjórnunaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið: Greining og úttekt  
 á umferðarstjórnunaráætluninni LundaMaTs  
 Ferðavenjur að vetri 2008-2009

Rannsóknastefna Vegagerðarinnar var lögð fram seint á árinu 2006. Með henni hefur verið lögð meiri áhersla á verkefni sem Vegagerðin skilgreinir sjálf og fær sérfræðinga til að vinna.

Áfram er þó einnig gert ráð fyrir að aðilar utan stofnunarinnar geti sótt um fjárveitingar og styrki til afmarkaðra verkefna sem þeir skilgreina sjálfir.

Þrjár fagnefndir voru stofnaðar á árinu 2007 um verkefnaflokkana, ein um mannvirki, önnur um umferð og sú þriðja um umhverfi og samfélag. Nefndirnar eru skipaðar starfsmönnum Vegagerðarinnar. Nefndirnar lögðu fram áherslusvið, sem voru auglýst og miðað var við þau þegar úthlutað var úr rannsóknasjóðnum árið 2009.

Árið 2009 voru umsóknir til rannsóknasjóðs 230 talsins og sótt var um samtals 465 milljónir króna. Eins og áður segir hafði sjóðurinn hins vegar 152 milljónir til ráðstöfunar (sem síðar var skorið niður í 148.6). Því var aðeins hægt að styrkja hluta umsókna og í mörgum tilvikum var fjárveiting lægri en heildarupphæð umsóknarinnar.

#### 4.1.4.5 Viðhald

Fjárveiting til viðhalds stofn- og tengivega á árinu 2009 var 5.178,7 m.kr. Verkefni viðhaldsins skiptist í níu meginflokkana, viðhald bundinna slitlaga, viðhald malarvega, styrkingar og endurbætur, brýr og varnargarðar, umferðaröryggi, vatnaskemmdir, viðhald girðinga, frágangur gamalla efnisnáma og minjar og saga. Heildarkostnaður við viðhald stofn- og tengivega var 4.760 m.kr. á árinu 2009.


Viðhald þjóðvegakerfisins innifelur það að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla gildandi reglur um burðarþol og vegbreiddir.

Heildarlengd stofn- og tengivega 1. janúar 2009, var 7.805 km, og var áætluð umferð á þeim árið 2009 um 2.006 milljónir ekinna km.

Samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun á árinu 2009.

Kjördæmi	Stofnvegir		Tengivegir		Safnvegir		Landsvegir		Samtals	
	km	%	km	%	km	%	km	%	km	%
Suðurkjördæmi . . . . .	1.371	27,4	674	24,1	896	27,8	616	33,5	3.557	27,7
Suðvesturkjördæmi . . .	91	1,8	99	3,5	31	1,0	0	0,0	221	1,7
Reykjavík . . . . .	63	1,2	0	0,0	33	1,0	0	0,0	96	0,7
Norðvesturkjördæmi . .	1.924	38,4	1.309	46,9	1.332	41,3	450	24,4	5.015	39,0
Norðausturkjördæmi . .	1.562	31,2	712	25,5	930	28,9	776	42,1	3.980	30,9
Samtals . . . . .	5.011	100,0	2.794	100,0	3.222	100,0	1.842	100,0	12.869	100,0


Í árslok 2009 voru vegir með bundnu slitlagi 5.057 km og heildarflatarmál bundinna slitlaga 32,2 milljónir m<sup>2</sup>.




Í töflunni hér að neðan er sýnt hvernig lengd vega og bundinna slitlaga skiptist milli svæða Vegagerðarinnar ásamt hlutfallslegri skiptingu.

Svæði	Lengd vega		Bundin slitlög	
	km	%	km	%
Suðursvæði	3.309	25,7	1.519	30,0
Suðvestursvæði	540	4,2	274	5,4
Norðvestursvæði	5.090	39,6	1.806	35,7
Norðaustursvæði	3.930	30,5	1.458	28,8
Samtals	12.869	100,0	5.057	100,0


Á myndinni hér að neðan er sýnd þróun aksturs á stofn- og tengivegum frá árinu 1995. Á árinu 2009 var áætluð umferð á stofn- og tengivegum 2.006 milljónir ekinna km.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds stofn- og tengivega á árunum 1999-2009. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2009. Athygli er vakin á því að frá árinu 2008 eru fjárveitingar til vegheflunar og rykbindingar malarvega taldar með fjárveitingu til malarlitlaga undir viðhaldsliðnum malarvegir.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn- og tengivega á árunum 1999-2009. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2009. Athygli er vakin á því að frá árinu 2008 er kostnaður við vegheflun og rykbindingu malarvega talinn með kostnaði við endurnýjun malarlitlaga undir viðhaldsliðnum malarvegir.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 2009 skiptist milli hinna einstöku flokka viðhalds og milli svæða Vegagerðarinnar.

Svæði/útgjaldaliður	Sam- eigin- legt m.kr.	Suð- ur- svæði m.kr.	Suð- vestur- svæði m.kr.	Norð- vestur- svæði m.kr.	Norð- austur- svæði m.kr.	Sam- tals svæði m.kr.
Viðhald bundina slitlaga* . . . . .	69	280	543	509	451	1.852
Viðhald malarvega . . . . .	0	157	22	376	231	786
Styrkingar og endurbætur* . . . . .	0	384	168	376	191	1.119
Brýr og varnargarðar . . . . .	28	52	5	115	267	467
Umferðaröryggi . . . . .	143	54	34	58	59	348
Vatnaskemmdir . . . . .	4	7	0	42	22	75
Viðhald girðinga . . . . .	0	6	1	38	10	55
Frágangur gamalla efnisnáma . . . . .	2	3	1	8	9	23
Minjar og saga . . . . .	34	0	0	0	0	34
<b>Samtals . . . . .</b>	<b>280</b>	<b>943</b>	<b>774</b>	<b>1.522</b>	<b>1.240</b>	<b>4.759</b>

\*Samkvæmt samningi milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar sér Reykjavíkurborg um viðhald þjóðvega innan borgarinnar.

*Viðhald bundinna slitlaga*

Fjárveiting til viðhalds bundinna slitlaga er notuð til yfirlagna bundinna slitlaga og viðgerða á tilfallandi skemmdum. Á árinu 2009 voru lagðir 3.791 þús. m<sup>2</sup> af bundnu slitlagi sem samsvarar 11,7% af heildarflatarmáli bundinna slitlaga á um 589 km. Fyrst og fremst er um að ræða endurnýjun á klæðingu, en malbik er einungis notað á umferðarmestu vegina og í þéttbýli. Með aukinni umferð eykst þörfin fyrir malbiksslitlag. Kostnaður við viðhald bundinna slitlaga á árinu 2009 var 1.925 m.kr.

Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og svæði Vegagerðarinnar eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Svæði	klæðing		malbik		alls	
	km	þús. m <sup>2</sup>	km	þús. m <sup>2</sup>	km	þús. m <sup>2</sup>
Suðursvæði. . . . .	122,3	829	13,8	53	136,1	882
Suðvestursvæði . . . . .	6,8	45	40,5	155	47,3	200
Norðvestursvæði . . . . .	264,6	1.774	1,2	9	265,8	1.783
Norðaustursvæði . . . . .	136,6	905	3,2	21	139,8	926
Samtals. . . . .	530,3	3.553	58,7	238	589,0	3.791

*Viðhald malarvega*

Fjárveiting til viðhalds malarvega er notuð til endurnýjunar og viðgerða malarslitlaga, heflunar og rykbindingar. Lagt var og endurbætt malarslitlag á 415 km af malarvegum. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum. Kostnaður við viðhald malarvega á árinu 2009 var 785 m.kr.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli svæða Vegagerðarinnar.

Svæði	óunnið efni		unnið efni		mölburður alls	
	km	m <sup>3</sup>	km	m <sup>3</sup>	km	m <sup>3</sup>
Suðursvæði. . . . .	35	8.353	70	19.919	105	28.272
Suðvestursvæði . . . . .	0	0	0	0	0	0
Norðvestursvæði . . . . .	29	4.254	158	17.296	187	21.550
Norðaustursvæði . . . . .	0	0	123	16.659	123	16.659
Samtals. . . . .	64	12.607	351	53.874	415	66.481

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 2009 var eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Svæði	Fyrir	Fyrir	Fyrir	Samtals
	malarslitlög	bundin slitlög	burðarlög	
	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>
Suðursvæði. . . . .	9.891	3.910	0	13.801
Suðvestursvæði . . . . .	0	0	0	0
Norðvestursvæði . . . . .	13.648	10.442	3.022	27.112
Norðaustursvæði . . . . .	10.845	10.189	5.280	26.314
Samtals. . . . .	34.384	24.541	8.302	67.227

Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina til notkunar við viðhald vega. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið.



### *Styrkingar og endurbætur*

Fjárveitingum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Stærsti hluti fjármagns fer til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er yfir 90% af umferð á stofn- og tengivegum. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980-1989 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbætur á þeim. Nokkru fjármagni er einnig varið til styrkingar og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingar stofn- og tengivega á árinu 2009. Kostnaður við styrkingar og endurbætur stofn- og tengivega á árinu 2009 var 1.119 m.kr.

Svæði	Vegir með bundnu slitlagi				Malarvegir		Styrkingar alls	
	Burðarlag með mól		Bundið burðarlag		km	m <sup>3</sup>	km	m <sup>3</sup>
	km	m <sup>3</sup>	km	m <sup>3</sup>	km	m <sup>3</sup>	km	m <sup>3</sup>
Suðursvæði . . . . .	4,7	4.072	16,3	14.726	41,6	54.161	62,6	72.959
Suðvestursvæði . . . . .	0,0	0	4,2	715	0	0	4,2	715
Norðvestursvæði . . . . .	0,0	0	17,7	17.230	28,9	24.513	46,6	41.743
Norðaustursvæði . . . . .	0,2	30	3,7	853	1,1	2.400	5,0	3.283
Samtals . . . . .	4,9	4.102	41,9	33.524	71,6	81.074	118,4	118.700

### *Brýr og varnargarðar*

Fjárveiting var notuð til viðhalds og reksturs brúa og varnargarða á öllum þjóðvegum. Brýr á þjóðvegum eru tæplega 1.200 og er meðalaldur þeirra rúm 37 ár. Unnið var við um 100 smá og stór verkefni í viðhaldi brúa og varnargarða víðs vegar um landið. Um 100 m.kr. var varið til lagfæringa og endurbóta á varnargörðum og um 50 m.kr. til breikkana á brúm til að auka umferðaröryggi auk 47 m.kr. til endurbóta á vegriðum á og við brýr í sama tilgangi. Um 84 m.kr. var varið til styrkinga á gömlum brúm með lélegt burðarþol. Kostnaður við viðhald brúa og varnargarða á árinu 2009 var alls 467 m.kr.

### *Umferðaröryggi*

Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og útrýma svartblettum á 52 stöðum á vegakerfinu og nam kostnaður við það um 190 m.kr. Auk þess var unnið við lagfæringar á umhverfi vega á allmörgum stöðum og var kostnaður við það verkefni um 15 m.kr.

Í samræmi við umferðaröryggisáætlun sáu Umferðarstofa og Ríkislögreglustjóri um hluta af framkvæmd umferðaröryggisáætlunar sem greiðist af Vegagerðinni. Samkvæmt samkomulagi greiddi Vegagerðin Umferðarstofu 32,5 m.kr. og lögregluumdæmum um 62 m.kr. vegna umferðareftirlits og um 14 m.kr. vegna úrvinnslu hraðamælinga á árinu 2009. Um 25 m.kr. var varið til kaupa á og reksturs á sjálfvirkum hraðamyndavélum og öðrum tækjabúnaði. Heildarkostnaður við liðinn umferðaröryggi á árinu 2009 var um 349 m.kr.

### *Vatnaskemmdir*

Fjárveitingin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara. Hvergi var um að ræða stóráföll á árinu 2009 en víða um smærri skemmdir að ræða vegna flóða, ágangs vatnsfalla og sjávarrofs.

Á Suðursvæði var stærsta verkefnið að verja Þórsmerkurveg vegna ágangs Markarfljóts og nam kostnaður við það rúmum 6 m.kr. Heildarkostnaður vegna vatnaskemmda á Suðursvæði nam um 7 m.kr.

Á Norðvestursvæði, í Dölum og á Vestfjörðum urðu verulegar skemmdir á vegum vegna mikillar úrkomu í september 2008. Ekki reyndist unnt að gera við þessar skemmdir að fullu fyrr en á árinu 2009. Heildarkostnaður við þær lagfæringar varð um 21 m.kr. á árinu 2009. Auk þessa voru nokkrar viðgerðir vegna ágangs vatnsfalla í Borgarfirði, Húnavatnssýslum og Skagafirði og nam kostnaður við þær aðgerðir tæpum 10 m.kr. Á öðrum stöðum á Norðvestursvæði var mest um sjávarrofvarnir. Heildarkostnaður vegna vatnaskemmda á Norðvestursvæði nam tæpum 42 m.kr.

Nokkrar skemmdir urðu á vegum vegna mikillar úrkomu á Miðausturlandi í september og nam kostnaður við viðgerðir um 4 m.kr. Á Suðausturlandi eru viðvarandi viðgerðir vegna ágangs jökulvatna og nam kostnaður við það rúmum 14 m.kr. Heildarkostnaður vegna vatnaskemmda á Norðaustursvæði var rúmar 22 m.kr. Heildarkostnaður vegna skemmda á vegakerfinu á árinu 2009 var um 76 m.kr.

### *Viðhald girðinga*

Samkvæmt reglugerð nr. 325/1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhalds-kostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Auk þess er Vegagerðinni heimilt samkvæmt 52 gr. vegalaga nr. 80/2007 að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög að kosta viðhald girðinga með einstökum köflum stofn og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkaflla bönnuð. Kostnaður Vegagerðarinnar á árinu 2009 vegna viðhalds girðinga var 55 m.kr.

### *Frágangur gamalla efnisnáma*

Fjárveitingu er varið til frágangs á gömlum efnisnánum sem ekki eru lengur í notkun. Samkvæmt langtímaáætlun Vegagerðarinnar um frágang á gömlum efnisnánum, sem unnin var í júní 2004 var gert ráð fyrir að ganga frá um 900 gömlum efnisnánum á tímabilinu 2004-2018, eða um 60 nánum á ári. Fjárveiting til verkefnisins fékkst fyrst á vegáætlun árið 2007. Verkefnið hefur gengið mun hægar en áætlað var og á árunum 2004-2008 var að meðaltali gengið frá um 41 námu. Á árinu 2009 var gengið frá 47 nánum. Kostnaður við frágang á gömlum námun á árinu 2009 var 22 m.kr.

### *Minjar og saga*

Fjárveitingu var varið til að greiða kostnað vegna samnings Vegagerðarinnar við Samgöngu-minjasafnið á Skógum um sýningar á minjum Vegagerðarinnar árin 2010-2014 að upphæð 27 m.kr., kostnað vegna ritunar sögu Vegagerðarinnar að upphæð 1 m.kr. og endurgerðar brúarinnar á Bláskeggsá í Hvalfirði að upphæð 6 m.kr. Heildarkostnaður vegna verkefnisins var rúmar 34 m.kr. á árinu 2009.

#### 4.1.5 STOFNKOSTNAÐUR

##### *Bráðabirgðalán*

Öll eldri bráðabirgðalán voru greidd upp á árinu og engin ný tekin.


##### *Fjárveitingar til stofnkostnaðar.*

Fjárveitingar til Vegagerðarinnar samkvæmt fjárlögum 2009 voru alls 32.113,8 m.kr. Þar af voru 20.985,9 m.kr. ætlaðar til stofnkostnaðar. Samkvæmt fjárukalögum voru fjárveitingar lækkaðar um 3.749,6 m.kr., þar af var fjárveiting til stofnkostnaðar lækkuð um 3.700 m.kr. Fjárveitingar á árinu 2009 voru því samtals 28.364,2 m.kr., þar af til stofnkostnaðar 17.285,9 m.kr., þar af voru 75 m.kr. afskriftir markaðra tekna.

Þess ber og að geta að í árslok 2008 átti Vegagerðin rúma 4 milljarða í ónýttum fjárheimildum. Ástæðan var sú að útboð nokkurra verka tafðist af ýmsum ástæðum og auk þess var verkframvinda hægar í nokkrum stórum verkum á því ári. Samkvæmt lokafjárlögum 2008 var þessi innistæða lækkuð um 2,2 milljarða. Lækkun innistæðu á stofnkostnaðarlið var þó hærri eða 2,7 milljarðar. Á móti kom lækkun skuldar vetrarþjónustu.

Skerðing fjárveitinga samkvæmt fjárukalögum 2009 og lokafjárlögum 2008 kemur í kjölfar efnahagshrunsins 2008.

Á meðfylgjandi súluriti má sjá heildarframlag til stofnkostnaðar á árunum 1999- 2009. Upphæðirnar eru á verðlagi ársins 2009



##### *Stofnkostnaður/framkvæmdir*

Í fylgiskjali I er gerð grein fyrir einstökum framkvæmdum, kostnaði og ráðstöfun fjárveitinga til þeirra, en hér á eftir er gerð grein fyrir kostnaði við nokkra málaflokka sem fá fjárveitingar af liðnum stofnkostnaður/framkvæmdir.

*Girðingar*

Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum um girðingar. Enn er nokkuð óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 2009 og stöðu þessara mála í árslok. Kostnaður við girðingar á árinu 2009 varð tæpar 96 m.kr.

Svæði	Óafgreitt 1.1.2009		Afgreitt 2009		Nýjar kröfur		Óafgreitt 1.1.2010	
	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.
Suðursvæði . . . . .	108	0	46	0	12	0	74	0
Suðvestursvæði . . . . .	0	0	0	0	0	0	0	0
Norðvestursvæði . . . . .	148	7	39	2	25	4	134	9
Norðaustursvæði . . . . .	162	4	10	8	5	4	157	0
Samtals	418	11	95	10	42	8	365	9

*Landsvegir utan stofnvegakerfis*

Fjárveiting til landsvega utan stofnvegakerfis var notuð til þjónustu, viðhalds og endurbóta á 1.842 km landsvega utan stofnvegakerfis auk 242 km á Fjallabaksleið nyrðri og Sprengisandsleið. Heildarkostnaður við landsvegi á árinu 2009 var tæpar 113 m.kr. Kostnaður skiptist á milli svæða Vegagerðarinnar samkvæmt eftirfarandi töflu.

Svæði	fjárveiting í m.kr.
Suðursvæði . . . . .	43,3
Suðvestursvæði . . . . .	0,0
Norðvestursvæði . . . . .	37,9
Norðaustursvæði . . . . .	31,6
Samtals	112,8

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi.

**Suðursvæði**

Stærstu verkefni voru vegna endurbóta á Kerlingafjallavegi (F347), þar sem vegurinn var byggður upp og endurmótaður á kafla og nam kostnaður við það um 14 m.kr. Einnig voru gerðar endurbætur á Lakavegi (F206) um Inntúnaháls og Fjallabaksleið nyrðri (F208) um Hólaskjól. Sprengisandsleið (F26) var einnig stikuð á kafla. Kostnaður við þessi þrjú verkefni ásamt heflun þeirra varð um 12 m.kr. Fjárveitingum var að öðru leyti varið til viðhalds og þjónustu landsvega á svæðinu.

**Norðvestursvæði**

Stærstu verkefni voru endurbætur á malarslitlagi Hítardalsveggar (539), Berserkjakraunsvégar (558), Jökulhálsleiðar (570) og Mælifellsdalsveggar og nam kostnaður við þau verkefni rúmum 5 m.kr. Auk þess var unnið við lagfæringu á Arnarvatnsheiðarvegi fyrir um 4 m.kr. og lokið við greiðslu á bundnu slitlagi að upphæð 6 m.kr. á Deildartunguveg, sem samið var

um á árinu 2008 og unnið í samvinnu við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

#### Norðaustursvæði

Fyrst og fremst var unnið við viðhald og þjónustu landsvega á svæðinu, en nokkrar endurbætur gerðar á Öskjuleið (F88) og Austurleið ((F910) og nam kostnaður við þau verkefni um 12 m.kr.

#### Héraðsvegir

Við gildistöku vegalaga nr. 80/2007 þann 1. janúar 2008 breyttist kostnaðarhlutdeild Vegagerðarinnar við lagningu nýrra héraðsvega á þann hátt að við lagningu nýs héraðsvegar að íbúðar- eða atvinnuhúsnæði skal skráður eigandi fasteignarinnar greiða helming kostnaðar við vegagerðina, þ.m.t. kaup á landi undir veginn, hönnun, byggingu vegarins og eftirlit með gerð hans, enda skal lega og gerð vegar ákveðin í samráði við hinn skráða eiganda fasteignarinnar. Nýir héraðsvegir (þá safnvegir) sem samþykktir voru fyrir gildistöku laganna eru þó greiddir að fullu af Vegagerðinni. Í samræmi við ofangreint greiddi Vegagerðin rúmar 112 m.kr. til nýrra héraðsvega á árinu 2009 og skiptist sú greiðsla á eftirfarandi hátt á milli svæða Vegagerðarinnar.

Svæði	fjárveiting í m.kr.
Suðursvæði	48,8
Suðvestursvæði	0,0
Norðvestursvæði	44,5
Norðaustursvæði	19,2
Samtals	112,5

#### Styrkvegir

Í vegáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tiltekna samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vegna samkvæmt vegalögum. Kostnaður vegna styrkvega á árinu 2009 nam 93,8 m. kr. og skiptist á eftirfarandi hátt milli svæða Vegagerðarinnar.

Svæði	fjárveiting í m.kr.
Suðursvæði	21,9
Suðvestursvæði	1,5
Norðvestursvæði	40,0
Norðaustursvæði	30,4
Samtals	93,8

#### Reiðvegir

Kostnaður við reiðvegi á árinu 2009 nam 79,9 m.kr. Af þeirri fjárhæð var 9 m.kr. varið til endurbóta á einstökum reiðleiðum og 3 m.kr. til Landssambands hestamanna vegna reiðvegaskráningar en 68,0 m.kr. var skipt af Landssambandi hestamannafélaga til einstakra hestamannafélaga.

## Fylgiskjal 1 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2009

### Suðursvæði

#### 1 Hringvegur

c3 um Hellu

*Umfang verks:* Endurbætur og færsla á Hringvegi í gegnum þéttbýlið á Hellu. Fyrsti áfangi framkvæmdarinnar er færsla á Hringvegi frá brú á Rangá og bygging á nýju hringtorgi sunnan við gamla veginn. Annar áfangi er færsla á 700 m löngum kafla Hringvegar austan hringtorgs til suðurs.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* m.kr.

1. áfangi. . . . . 48

2. áfangi. . . . . 64

Samtals . . . . . 112

*Fjármögnun:* m.kr.

Vegáætlun 2001. . . . . 33

Vegáætlun 2006. . . . . 7

Breyting 2008 . . . . . 14

Fjárlög 2009 . . . . . 3

Samtals . . . . . 57

*Verkfrámvinda:* Á árunum 2005 og 2006 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins. Fyrsti áfangi var boðinn út í mars 2007 og hófust framkvæmdir í byrjun maí 2007 og lauk síðari hluta júlí. Á árinu 2008 var greiddur efniskostnaður vegna fyrirhugaðra undirganga undir veginn, uppsetning lýsingar og hönnunarkostnaður. Annar áfangi var boðinn út í maí 2009. Framkvæmdir hófust í október 2009 og á þeim að ljúka í júní 2010.

*Verktaki:* Þjótandi ehf., Hellu.

*Kostnaður:* m.kr.

2006. . . . . 8

2007. . . . . 40

2008. . . . . 6

2009. . . . . 3

Samtals . . . . . 57

d4 um Selfoss.

*Umfang verks:* Verkið fólst í gerð miðeyja og stefnugreiningu vegamóta á um 300 m löngum kafla á móts við Breiðumýri.

*Framkvæmdaform:* Útboð og samningur.

*Kostnaðaráætlun:* m.kr.

Breikkun hringtorgs . . . . . 6

*Fjármögnun:* m.kr.

Fjárlög 2009 . . . . . 6

*Verkfrámvinda:* Verkið var unnið í samstarfi við sveitarfélagið Árborg, sem annaðist útboð og eftirlit.

*Verktaki:* Vélgrafan ehf., Selfossi.

*Kostnaður:* m.kr.

2009. . . . . 6

v5 göng undir Almannaskarð

*Umfang verks:* Gerð 1.146 m langra jarðganga undir Almannaskarð, ásamt 162 m löngum steiptum vegskálum og 4,1 km löngum vegi utan ganga. Á verktímanum var ákveðið að endurbyggja um 1,3 km langan kafla Hringvegarins um Dynjanda, sunnan Almannaskarðs.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 1.115 m.kr.

*Fjármögnun:* m.kr.

Vegáætlun 2003. . . . . 300

Vegáætlun 2004. . . . . 322

Fjárukaalög 2004. . . . . 375

Vegáætlun 2005. . . . . 82

Vegáætlun 2006. . . . . 15

Vegáætlun 2007. . . . . 58

Breyting 2008 . . . . . 1

Fjárlög 2009 . . . . . 4

Samtals . . . . . 1.157

*Verkfrámvinda:* Verkið var boðið út í desember 2003 og lauk í júní 2005.

Kostnaður á árinu 2009 er vegna greiðslu landbóta samkvæmt úrskurði Hæstaréttar í september 2009.

*Verktaki:* Héraðsverk ehf., Egilsstöðum og Leonhard Nilsen og Sønner AS., Noregi.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2003.....	35
2004.....	602
2005.....	510
2006.....	5
2008.....	1
2009.....	4
Samtals .....	1.157

*Skýringar:* Kostnaður á árinu 2003 er vegna rannsókna, hönnunar og útboðs verksins. Kostnaður á árunum 2008 og 2009 er lögfræðikostnaður og uppgjör á landbótum.

v5 um Fjarðará í Lóni

*Umfang verks:* Setja niður stálrör í stað einbreiðrar brúar á Fjarðará í Lóni.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2009 .....	24

*Verkframingvinda:* Unnið var að loka-hönnun verksins og keypt stálrör.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2009.....	24

x3 Jökulsá á Breiðamerkursandi

*Umfang verks:* Endurbætur og lagfæring á grjóthörskuldum í farvegi Jökulsár á Breiðamerkursandi til að fyrirbyggja rof á farvegi árinna og að stórir ísjakar berist úr Jökulsárlóni undir brúna.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2009 .....	1

*Verkframingvinda:* Unnið var að hönnun og undirbúningi verksins á árinu 2009.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2009.....	1

### 30 Hrunamannavegur

06-07 Skipholt – Foss.

*Umfang verks:* Nýbygging á 5,1 km löngum kafla frá Hvítárdal að Fossi.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 217 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Inneign frá fyrri áfanga.....	2
Vegáætlun 2007.....	79
Vegáætlun 2008.....	92
Breyting 2008 .....	-12
Fjárlög 2009 .....	54
Samtals .....	215

*Verkframingvinda:* Á árinu 2007

var unnið að undirbúningi og var verkið boðið út í október 2007, en framkvæmdir hófust í ársbyrjun 2008 og lokið við fyrri lag klæðingar. Á árinu 2009 var lagt seinna klæðingarglag á allan veginn og verkinu lokið að öðru leyti. Eftir er að ganga frá loka uppgjöri landbóta.

*Verktaki:* Borgarvirki ehf., Kópavogi.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2007.....	3
2008.....	158
2009.....	54
Samtals .....	215

### 32 Þjórsárdalsvegur

01 Um Kálfá

*Umfang verks:* Breikkun einbreiðrar brúar á Kálfá auk viðeigandi lagfæringa á vegi.

*Framkvæmdaform:* Samningur.

*Kostnaðaráætlun:* 60 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2008.....	53
Flutt af Staðará 2008.....	11
Breyting 2008 .....	-2
Fjárlög 2009 .....	16
Samtals .....	78

*Verkframingvinda:* Byrjað var á verkinu í ágúst 2008 og lauk steypuvinnu við brú í nóvember 2008. Frágangsvinnu við veg og lagningu slitlags lauk vorið 2009.

*Verktaki:* Brúargerð: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð: Nesity ehf., Selfossi.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2007.....	1
2008.....	61
2009.....	16
Samtals .....	78

**33 Gaulverjabæjarvegur**

02 Félagsslundur – Skipar

*Umfang verks:* Nýbygging á 5,9 km löngum kafla frá Félagsslundi að Skipum.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 163 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Flutt af fyrri áfanga . . . . .	2
Vegáætlun 2007 . . . . .	115
Vegáætlun 2008 . . . . .	58
Breyting 2008 . . . . .	-14
Fjárlög 2009 . . . . .	3
Samtals . . . . .	164

*Verkfrávitindur:* Verkið var boðið út í mars 2007 og lauk að mestu í október 2007. Ekki var þó hægt að ljúka við uppbyggingu á 1,6 km löngum kafla við vegamót Gaulverjabæjarveggar og Villingaholtsveggar fyrir en sumarið 2008. Kostnaður á árinu 2009 er vegna uppgræðslu vegsvæðis og greiðslu landbóta. Á árinu 2010 verður gengið frá reidvegi og lokið við að greiða landbætur.

*Verktaki:* Vörubílstjórafélagið Mjólnir, Selfossi.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2004 . . . . .	3
2006 . . . . .	2
2007 . . . . .	126
2008 . . . . .	30
2009 . . . . .	3
Samtals . . . . .	164

**208 Fjallabaksleið nyrðri**

06 Landmannaleið – Sprengisandsleið

*Umfang verks:* Endurbygging vegar og lagning slitlags á um 5 km löngum kafla Fjallabaksleiðar nyrðri gegnum virkjanasvæði. Legu vegarins næst Sprengisandsleið var breytt til að auka umferðaröryggi við vegamót. Verkið er unnið í samvinnu við Landsvirkjun sem greiðir hluta kostnaðarinnar.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 59 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Framlag Landsvirkjunar . . . . .	20
Vegáætlun 2008 . . . . .	20
Breyting 2008 . . . . .	15
Fjárlög 2009 . . . . .	10
Samtals . . . . .	65

*Verkfrávitindur:* Á árinu 2007 var unnið efni í efra burðarlag og slitlag. Framkvæmdir við endurbyggingu vegarinnar og lagningu slitlags voru boðnar út í maí 2008. Framkvæmdir hófust í ágúst 2008 og lokið var við að leggja klæðingu í byrjun október. Á árinu 2009 var lokið við frágangsvinnu og sett upp vegrið.

*Verktaki:* Efnisvinnsla, Fossvélar ehf., Selfossi. Vegagerð, Heflun ehf., Hellu.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2007 . . . . .	12
2008 . . . . .	43
2009 . . . . .	10
Samtals . . . . .	65

**222 Mýrdalsjökulsvegur**

01 Hringvegur – Ytri-Sólheimavegur.

*Umfang verks:* Endurbygging á 1,5 km kafla frá Hringvegi að Ytri-Sólheimavegi.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 15 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2008 . . . . .	16
Flutt af Skaftártunguvegi . . . . .	3
Breyting 2008 . . . . .	1
Fjárlög 2009 . . . . .	1
Samtals . . . . .	21

*Verkfrávitindur:* Verkið var boðið út í mars 2008 og hófust framkvæmdir í júní og lauk í september. Kostnaður á árinu 2009 er vegna loka uppgjörsvið verktaka og yfirborðsmerkinga.

*Verktaki:* Framrás ehf., Vík.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2008 . . . . .	20
2009 . . . . .	1
Samtals . . . . .	21



**253 Bakkavegur**

04 Flugvöllur – Bakkafjöruvegur  
og

**254 Bakkafjöruvegur**

04 Hringvegur – Landeyjahöfn  
*Umfang verks:* Nýbygging á 11,8 km  
löngum vegi, Bakkafjöruvegi, frá  
Hringvegi vestan við Markarfljótsbrú,  
niður að fyrirhugaðri Landeyjahöfn  
með brú á Ála og tilheyrandi varnar-  
gördum ásamt nýbyggingu 3 km langs  
kafla Bakkavegar frá Landeyjaflugvelli  
að Bakkafjöruvegi.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 710 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2008.....	670
Breyting 2008 .....	-543
Fjárlög 2009 .....	247
Samtals .....	374

*Verkframingvinda:* Framkvæmdir við  
Bakkafjöruveg hófust á seinni hluta  
ársins 2008. Á árinu 2009 var lokið  
gerð vegfyllinga og varnargarða ásamt  
byggingu brúar á Ála og lokið gerð  
fyllinga á Bakkavegi. Áætluð verklok  
eru 1. júlí 2010.

*Verktaki:* Suðurverk hf., Hafnarfirði.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2007 .....	4
2008.....	123
2009.....	247
Samtals .....	374

*Skýringar:* Verkið var boðið út með  
útboði á byggingu Landeyjahafnar í  
samstarfi við Siglingastofnun.

**262 Vallarvegur**

Fljótshlíðarvegur – Markarskarð  
*Umfang verks:* Endurbygging á 3,8 km  
kafla frá Fljótshlíðarvegi.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 59 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2008.....	42
Breyting 2008 .....	-17
Fjárlög 2009 .....	39
Samtals .....	64

*Verkframingvinda:* Verkið var boðið út  
í maí 2008 en framkvæmdir hófust í  
ágúst. Verkinu lauk í júlí 2009.

*Verktaki:* Heflun ehf., Hellu.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2008.....	25
2009.....	39
Samtals .....	64

**264 Rangárvallavegur**

Hringvegur – Keldur

*Umfang verks:* Endurbygging á 7,4 km  
löngum kafla frá Hringvegi að Akur-  
brekku.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 171 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2008.....	63
Breyting 2008 .....	-52
Fjárlög 2009 .....	105
Samtals .....	116

*Verkframingvinda:* Byrjað var á  
undirbúningi verksins árið 2007 og  
unnið við það áfram 2008, ásamt því  
að burðarlagsefni var unnið í veginn.  
Útboð var auglýst í október 2008 en  
var afturkallað áður en til opunar  
tilboða kom vegna efnahagsástands.  
Verkið var boðið út aftur í byrjun árs  
2009 og hófust framkvæmdir í apríl.  
Framkvæmdum lauk á árinu 2009 að  
undanskildu efra lagi klæðingar.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2007.....	1
2008.....	10
2009.....	105
Samtals .....	116

**268 Þingskálavegur**

01 Rangárvallavegur – Þingskálar

*Umfang verks:* Endurbygging á 5 km  
löngum kafla frá Rangárvallavegi að  
Heiði.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 60 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Inneign frá fyrri áfanga . . . . .	1
Vegáætlun 2008 . . . . .	74
Flutt á Skálaveg . . . . .	-8
Breyting 2008 . . . . .	-1
Fjárlög 2009 . . . . .	1
Samtals . . . . .	67

*Verkfrámvinda:* Verkið var boðið út í apríl 2008 og hófust framkvæmdir seinni hluta júlí 2008 og lauk í byrjun október. Kostnaður á árinu 2009 er vegna ristarhliðs og yfirborðsmerkinga.

*Verktaki:* Sigurjón Á. Hjartarson, Brjánsstöðum.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2008 . . . . .	66
2009 . . . . .	1
Samtals . . . . .	67

### 305 Villingaholtsvegur

02 Sýrlækur

*Umfang verks:* Gerð stálræsis í stað einbreiðrar brúar á Sýrlæk.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2009 . . . . .	2

*Verkfrámvinda:* Á árinu 2009 voru keypt stálræsi, en framkvæmdum var frestað.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2009 . . . . .	2

### 308 Hamarsvegur

01 Gaulverjabæjarvegur – Villingaholtsvegur

*Umfang verks:* Gerð tveggja stálræsa í stað einbreiðra brúa á Læk og Hamarssíki.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2008 . . . . .	10
Breyting 2008 . . . . .	-10
Fjárlög 2009 . . . . .	8
Samtals . . . . .	8

*Verkfrámvinda:* Á árinu 2009 voru keypt stálræsi, en framkvæmdum var frestað.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2009 . . . . .	8

### 318 Langholtsvegur

01 Hringvegur – Langholt

*Umfang verks:* Endurbygging á 3,2 km löngum kafla frá vegamótum

Hringvegur að Ármótsvegi.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 66 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2009 . . . . .	60

*Verkfrámvinda:* Á árinu 2008 var unnið við hönnun og undirbúning á verkinu. Verkið var boðið út í maí 2009 og skrifað undir samning í júní og hófust framkvæmdir í júlí og var vegurinn undirbyggður 2009. Árið 2010 verður ekið efra burðarlagi í veginn og lögð á hann klæðing.

*Verktaki:* Vélgrafan ehf., Selfossi

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2009 . . . . .	60

### 340 Auðsholtsvegur

01 Hrunamannavegur

– Syðra-Langholt

*Umfang verks:* Endurbygging á 0,9 km og nýbygging á 0,6 km kafla frá Birtingarholti og norður fyrir Syðra-Langholt.

*Framkvæmdaáform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 66 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Skuld frá fyrri áfanga . . . . .	-3
Vegáætlun 2007 . . . . .	20
Vegáætlun 2008 . . . . .	35
Breyting 2008 . . . . .	15
Fjárlög 2009 . . . . .	6
Samtals . . . . .	73

*Verkfrámvinda:* Á árinu 2007 var unnið að hönnun og undirbúningi á nýjum kafla Auðsholtsvegur um Syðra-Langholt. Verkið var boðið út í janúar 2008 og framkvæmdir hófust í apríl og lauk að mestu í ágúst 2008. Kostnaður á árinu 2009 er vegna uppgræðslu og byggingu reiðvegur. *Verktaki:* Nesey ehf., Selfossi.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2007.....	1
2008.....	66
2009.....	6
Samtals .....	73

### 351 Búrfellsvegur

Pingvallavegur - Biskupstungnabraut  
*Umfang verks:* Endurbygging á 2,7 km kafla frá Biskupstungnabraut að Hæðarenda.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 70 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2008.....	74
Flutt á Skálaveg.....	-3
Flutt á Hrunaveg.....	-4
Breyting 2008 .....	-2
Fjárlög 2009 .....	8
Samtals .....	73

*Verkfrávitni:* Undirbúningur fór fram á árinu 2007. Verkið var boðið út í mars 2008 og hófust framkvæmdir í maí 2008 og lauk í ágúst. Kostnaður á árinu 2009 er vegna frágangs, loka uppgjörð við verktaka og færslu á raflínu.

*Verktaki:* Sigurjón Á. Hjartarson, Brjánsstöðum.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2007.....	2
2008.....	63
2009.....	8
Samtals .....	73

### 354 Sólheimavegur

01 Biskupstungnabraut – Sólheimar  
*Umfang verks:* Endurbygging á um 5 km löngum kafla frá Stærri-Bæ að Sólheimum.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 177 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Inneign frá fyrri áfanga.....	4
Vegáætlun 2005.....	36
Vegáætlun 2006.....	62
Vegáætlun 2007.....	22
Vegáætlun 2008.....	48
Breyting 2008 .....	30
Fjárlög 2009 .....	3
Samtals:.....	205

*Verkfrávitni:* Á árinu 2005 var unnið að hönnun verksins, auk þess sem malað var efni til framkvæmdarinnar. Verkið var boðið út í mars 2006 og hófust framkvæmdir í þeim mánuði. Bundið slitlag var komið á veginn í september 2007, en frágangi lauk ekki fyrr en sumarið 2008 vegna óhagstæðrar tíðar. Kostnaður á árinu 2009 er vegna færslu á hitaveitulögn og mats á eignarnámsbótum. Eftir er að greiða landbætur.

*Verktaki:* Heflun ehf., Hellu.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2005.....	9
2006.....	70
2007.....	87
2008.....	36
2009.....	3
Samtals .....	205

### 359 Bræðratunguvegur

Flúðir – Reykholt

*Umfang verks:* Nýbygging á 7,2 km löngum vegi milli Flúða og Reykholt og tengingum við hann og bygging nýrrar brúar á Hvítá

*Framkvæmdaform:*

Vega og brúargerð: Útboð.

Niðurrekstur staura: Samningur

*Kostnaðaráætlun:* 1.400 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Skuld frá fyrri áfanga .....	-1
Vegáætlun 2007.....	80
Vegáætlun 2008.....	203
Breyting 2008 .....	-254
Fjárlög 2009 .....	442
Samtals .....	470

**Hönnun og undirbúningur verkefna, Suðursvæði**

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Suðursvæði, sem ekki hafa fjárveitingu í vegáætlun.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Breyting á vegáætlun 2008 ..	159
Fjárlög 2009 .....	157
Samtals .....	316

<i>Verkefni:</i>	kostnaður í m.kr.					samtals
	2005	2006	2007	2008	2009	
Hringvegur 1-b0						
Álftaversvegur – Dýralækur	0	0	0	0	1	1
Hringvegur 1-b4 um Mýrdal	0	0	0	3	1	4
Hringvegur 1-b5						
um Jökulsá á Sólheimasandi	2	0	0	0	0	2
Hringvegur 1-c1 um Hvolsvöll	1	0	0	0	0	1
Hringvegur 1-d2 Selfoss – Markarfljót	0	0	0	2	0	2
Hringvegur 1-d6 Selfoss – Hveragerði	1	3	4	26	68	102
Hringvegur 1-d8 Hveragerði – Hveradalir	0	0	0	33	17	50
Hringvegur 1-e1 sýslumörk – Hólmsá	0	0	0	0	16	16
Hringvegur 1-v3 um Lónssveit	0	0	0	0	7	7
Hringvegur 1-v8 um Hornafjarðarfljót	1	27	32	9	4	73
Hringvegur 1-x9 um Örafi	0	0	0	0	2	2
Þjórsárvegur 23-01 brú á Þjórsá	0	0	0	0	12	12
Skeiða- og Hrunamannavegur 30-04						
um Stóru Laxá	0	2	0	0	0	2
Skeiða- og Hrunamannavegur 30-08						
Einholtsgvegur – Biskupstungnabraut	0	0	0	3	1	4
Meðallandsvegur 204-01						
Hringvegur – Fossar	0	0	0	0	2	2
Þórsmerkurvegur 249-01						
Hringvegur – Merkurvegur	0	0	0	0	3	3
Landeyjavegur 252-02						
Bakkavegur – Kanastaðir	0	0	0	1	1	2
Landeyjavegur 252-04						
Akureyjarvegur – Grímsstaðavegur	0	0	0	1	1	2
Hagabraut 286-01 Landvegur – Heiðarbraut	0	0	0	1	5	6
Oddgeirshólavegur 304-01						
Hringvegur – Oddgeirshólar	0	0	0	0	1	1
Villingaholtsgvegur 305-02						
Urriðafossvegur – Fljótshólar	0	0	0	0	2	2
Votmúlavegur 310-01 Jórvík – Nýibær	0	0	0	1	1	2
Langholtsgvegur 341-01						
Flúðir – Auðsholtsgvegur	0	0	0	0	6	6
Reykjavegur 355-01						
Biskupstungnabraut – Laugarvatnsvegur	0	0	0	6	3	9
Smærri undirbúningsverkefni	0	0	0	0	3	3
Samtals	5	32	36	86	157	316

**359 Bræðratunguvegur**

Flúðir – Reykholt (framhald)  
*Verkframingvinda:* Árin 2005 til 2008 hefur verið unnið að undirbúningi og hönnun verksins en mat á umhverfisáhrifum fór fram fyrir nokkrum árum. Verkið var boðið út í apríl 2009 og framkvæmdir hófust í lok maí. Framkvæmdir við byggingu brúar hófst í byrjun júlí. Búið er að undirbyggja veginn frá Hvítá að Tungufljóti um 4,2 km. Á árinu 2009 var lokið við að steypa 60% af brúnni og var Hvítá hleypt undir þann hluta í desember. Áætluð verklok eru í júní 2011.

*Verktaki:* Vega- og brúargerð:  
 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi. Niðurrekstur staura:

Vinnuflokkur Vegagerðarinnar

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2005.....	2
2006.....	3
2007.....	4
2008.....	19
2009.....	442
Samtals .....	470

**360 Grafningsvegur efri**

02 Grafningsvegur neðri – Nesjavellir  
*Umfang verks:* Endurbygging á 1,4 km kafla frá Grafningsvegi neðri að Úlfljótsvatni.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 40 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2008.....	32
Breyting 2008 .....	2
Fjárlög 2009 .....	14
Samtals .....	48

*Verkframingvinda:* Verkið var boðið út í júlí 2008 og hófust framkvæmdir í byrjun október 2008. Lokið var við að leggja fyrra lag klæðingar á veginn í byrjun nóvember. Á árinu 2009 var lagt seinna lag klæðingar og reiðvegur lagður. Einnig var gengið frá fláum og sett upp vegrið.

*Verktaki:* Sigurjón Á. Hjartarson, Brjánsstöðum.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2008.....	34
2009.....	14
Samtals .....	48

**365 Lyngdalsheiðarvegur**

01 Laugarvatn – Pingvellir  
*Umfang verks:* Nýbygging um 15 km langs vegar milli Laugarvatns og Pingvalla.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 912 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2003.....	100
Vegáætlun 2004.....	50
Vegáætlun 2006.....	103
Vegáætlun 2007.....	50
Vegáætlun 2008.....	381
Breyting 2008 .....	-467
Fjárlög 2009 .....	424
Samtals .....	641

*Verkframingvinda:* Unnið var að hönnun vegarins og mati á umhverfisáhrifum, á árunum 2004 til 2007. Útboð á framkvæmdinni var auglýst í apríl 2008 og hófust framkvæmdir í ágúst 2008. Áætluð verklok eru í október 2010. Búið er að undirbyggja 11 km frá Laugarvatni í átt að Miðfelli.

*Verktaki:* Klæðning ehf., Kópavogi og Vélaleiga AÐ ehf., Reykjanesbæ.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2004.....	5
2005.....	21
2006.....	21
2007.....	22
2008.....	148
2009.....	424
Samtals .....	641

**380 Hlíðarendavegur**

Þorlákshafnarvegur – Hlíðarendi  
*Umfang verks:* Endurbygging á 5,4 km kafla frá Þorlákshafnarvegi að Hlíðarenda í Ölfusi.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 120 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjáráukalög 2008.....	110
Breyting 2008 .....	-3
Fjárlög 2009 .....	29
Samtals .....	136

*Verkfrámvinda:* Verkið var boðið út í júlí 2008 og hófust framkvæmdir í ágúst og lauk að mestu í október. Sett var fyrra lag klæðingar á veginn árið 2008. Frágangi og síðara lagi klæðingar lauk 2009.

*Verktaki:* Háfell ehf., Reykjavík.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2008.....	107
2009.....	29
Samtals .....	136

#### 427 Suðurstrandarvegur

05-13 Ísólfskáli – Þorlákshafnarvegur  
*Umfang verks:* Nýbygging á um 49 km löngum vegi á milli Ísólfskála og Þorlákshafnar.

*Framkvæmdaáform:* Útboð

<i>Kostnaðaráætlun:</i>	<i>m.kr.</i>
Krýsuvíkurvegur-	
Þorlákshafnarvegur .....	1.320
Ísólfskáli-	
Krýsuvíkurvegur .....	580
Samtals:.....	1.900

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Skuld frá fyrri áföngum ....	-33
Vegáætlun 2008.....	509
Breyting 2008 .....	-387
Fjárlög 2009 .....	1.015
Samtals .....	1.104

*Verkfrámvinda:* Undanfarin ár hefur verið unnið að uppgræðslu á söndum vestan Þorlákshafnar, auk þess sem unnið hefur verið að undirbúningi fyrir útboð á verkfrámvæmd. Framkvæmdir við 34 km langan kafla frá Krýsuvíkurvegi að Þorlákshafnarvegi voru boðnar út í lok júní 2008 og hófust framkvæmdir í desember. Áætluð verklok eru í september 2011. Í september 2009 var 14 km kafla milli Selvogs og Þorlákshafnar opnaður fyrir umferð. Búið er að byggja brú yfir Vogsósa.

Unnið hefur verið við bergskeringar og fyllingar á ýmsum stöðum á kaflanum milli Krýsuvíkur og Selvogs og unnið hefur verið klæðingar- og efra burðarlagefni í kaflann.

*Verktaki:* Jarðvinna: KNH ehf., Ísafirði. Efnisvinnsla: Fossvélar ehf., Selfossi. .

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2007.....	13
2008.....	76
2009.....	1.015
Samtals .....	1.104

#### 2420 Skógavegur

02 Skógafossvegur –  
Byggðasafn Skógum

*Umfang verks:* Nýbygging á 300 m löngum vegi frá Skógavegi að Byggðasafninu að Skógum og plan við Byggðasafnið.

*Framkvæmdaáform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 10 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2008.....	19
Breyting 2008 .....	-18
Fjárlög 2009 .....	17
Samtals .....	18

*Verkfrámvinda:* Verkið var boðið út í mars 2008 ásamt tveimur öðrum framkvæmdum. Fresta þurfti þó framkvæmdum vegna skipulagsmála um ár. Framkvæmdir hófust í júní 2009 og lauk ágúst 2009.

*Verktaki:* Framrás ehf., Vík.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2008.....	1
2009.....	17
Samtals .....	18

#### Suðvestursvæði

##### 1 Hringvegur

e3 mislæg gatnamót Hringvegur og Nesbrautar

*Umfang verks:* Gerð mislægra gatnamóta ásamt tilheyrandi römpum og landmótun. Einnig lagfæringar í gjá við Bæjarháls.

*Framkvæmdaáform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 483 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2000.....	10
Vegáætlun 2002.....	10
Vegáætlun 2003.....	140
Vegáætlun 2004.....	65
Flutt á Hringveg f2-f3.....	-205
Flutt á Hringveg f2-f3.....	-166
Vegáætlun 2007.....	400
Vegáætlun 2008.....	200
Breyting 2008.....	83
Fjárlög 2009.....	2
Samtals.....	539

*Verkframingvinda:* Verkið var boðið út í febrúar 2006 og lauk á árinu að undanskilinni frágangsvinnu utan vegsvæðis. Kostnaður 2008 er vegna lagfæringa og viðbóta og loka uppgjörs við verktaka. Á árinu 2009 voru settir upp vegvísar við gatnamótin.

*Verktaki:* Jarðvélar ehf., Kópavogi.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2006.....	443
2007.....	73
2008.....	21
2009.....	2
Samtals.....	539

*Skýringar:* Verkið var unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg.

f3 Úlfarsfellsvegur – Reykjavegur  
*Umfang verks:* Tvöföldun Hringvegar Skarhólabraut í Mosfellsbæ að Hafravatnsvegi.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2008.....	21
Breyting 2008.....	-6
Fjárlög 2009.....	24
Samtals.....	39

*Verkframingvinda:* Á árunum 2008 og 2009 var unnið við hönnun og undirbúning að breikkun Hringvegar milli Skarhólabrautar og Hafravatnsvegar, auk þess sem greiddur var hluti landbóta vegna Blikastaðalands.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2008.....	15
2009.....	24
Samtals.....	39

f4 Reykjavegur – Þingvallavegur  
*Umfang verks:* Tvöföldun Hringvegar á 1,6 km löngum kafla milli Hafravatnsvegar og Þingvallavegar

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Breyting 2008.....	4
Fjárlög 2009.....	41
Samtals.....	45

*Verkframingvinda:* Á árunum 2008 og 2009 var unnið að hönnun og undirbúningi breikkunar, auk þess sem hringtorg neðan Ullarnesbrekku var endurbætt.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2008.....	4
2009.....	41
Samtals.....	45

f5 Þingvallavegur – Brautarholtsvegur  
*Umfang verks:* Umbætur á umferðaröryggi Hringvegarins út frá Reykjavík. Árið 2007 er gerður samningur við Leirvogstungu ehf. og Ístak hf. um byggingu mislægra gatnamóta við Leirvogstungu.

*Framkvæmdaform:* Samningur  
*Kostnaðaráætlun:* 300 m.kr.

<i>Fjármögnun</i>	<i>m.kr.</i>
Fjáráukalög 2006.....	326
Breyting 2008.....	-161
Fjárlög 2009.....	244
Samtals.....	409

*Verkframingvinda:* Á árinu 2008 var unnið að bráðabirgðahringtorgi við Leirvogstungu og greiddar bætur fyrir land. Á árinu 2009 hófst bygging mislægu gatnamótanna. Upphafleg verklok voru áætluð í október 2009 en vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu var samið um lengingu verktíma til 1. júlí 2010

*Verktaki:* Ístak hf., Reykjavík.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2005.....	5
2006.....	1
2007.....	38
2008.....	121
2009.....	244
Samtals .....	409

f5 Þingvallavegur – Brautarholtsvegur  
*Umfang verks:* Gerð undirganga undir Hringveg við Grundarhverfi ásamt tilheyrandi göngustígum og landmótun.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 65 m.kr

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2009 .....	57

*Verkfrámvinda:* Verkið hófst í október 2009 með gerð framhjálaups og var uppsetningu undirganga lokið í desember og umferð komin á Hringveg að nýju. Eftir er stígagerð og frágangur og eru verklok samkvæmt samningi 1. maí 2010

*Verktaki:* Loftorka Reykjavík ehf., Reykjavík.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2009.....	57

*Skýringar:* Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg og veitustofnanir.

#### 40 Hafnarfjarðarvegur

gatnamót við Nýbýlaveg

*Umfang verks:* Breikkun og hliðrun Nýbýlavegar milli Kársnesbrautar og Birkigrundar, gerð tveggja hringtorga og þrenna undirganga. Einnig var gerð ný tenging við Hafnarfjarðarveg.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 436 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2008.....	235
Breyting 2008 .....	346
Fjárlög 2009 .....	45
Samtals .....	626

*Verkfrámvinda:* Verkið var boðið út í maí 2007 og voru áætluð verklok í júlí 2008. Vegna breytinga á verkinu frestuðust verklok til ársins 2009.

Verki lauk 2009. Eftir stendur að útkljá dómsmál vegna viðbótarkrafna verktaka.

*Verktaki:* Ístak hf., Reykjavík

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2005.....	1
2006.....	18
2007.....	214
2008.....	348
2009.....	45
Samtals .....	626

*Skýringar:* Verkið er unnið í samvinnu við Kópavogsbæ og veitustofnanir.

#### 41 Reykjanesbraut

41 Reykjanesbraut

11 gatnamót við Stekkjarbakka

*Umfang verks:* Endurbætur og lokafrágangur á göngubrú við gatnamót Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fjárlög 2009 .....	4

*Verkfrámvinda:* Á árinu 2009 var gengið frá handriði göngubrúar.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2009.....	4

12 Gatnamót við Arnarnesveg.

*Umfang verks:* Bygging mismislaðra gatnamóta Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar og endurbygging Arnarnesvegar að hringtorgi við Nónholt.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 955 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2007.....	115
Flutt á kafla 12 breikkun....	-72
Vegáætlun 2008.....	969
Breyting 2008 .....	-5
Fjárlög 2009 .....	151
Samtals .....	1.158

*Verkfrámvinda:* Á árinu 2007 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins og var það boðið út í árslok 2007.

Framkvæmdir hófust í febrúar 2008 og mannvirkið tekið í notkun í nóvember 2008. Verki lauk í ágúst 2009.



*Verktaki:* Suðurverk ehf., Reykjavík og Skrauta ehf., Hafnarfirði.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2007.....	36
2008.....	971
2009.....	151
Samtals .....	1.158

12-13 Fífuhvamsvegur – Kaplakriki, breikkun

*Umfang verks:* Breikkun Reykjanesbrautar frá Fífuhvamsvegi að Kaplakrika. Einnig gerð undirganga við Bæjargil og Vífilsstaðalæk, frágangur gönguleiða og öll landmótun. Á verk tímanum var samið við verktaka um gerð mislægra gatnamóta við Urriðaholt í Garðabæ.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

<i>Kostnaðaráætlun:</i>	<i>m.kr.</i>
Breikkun Reykjanesbrautar..	1.236
Gatnamót við Urriðaholt....	300
Samtals:.....	1.536

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2003.....	450
Flutt á 41-11 2003.....	-54
Vegáætlun 2004.....	324
Vegáætlun 2005.....	50
Vegáætlun 2006.....	338
Flutt af gatnamótum við Arnarnesveg.....	72
Vegáætlun 2008.....	374
Breyting 2008.....	296
Fjárlög 2009.....	148
Samtals .....	1.998

*Verkfrámvinda:* Verkið hófst í febrúar 2006. Mislæg gatnamót við Urriðaholt voru tekin í notkun 12. október 2006.

Endanleg verklok voru áætluð 1. ágúst 2007. Verkinu seinkaði verulega og lauk ekki fyrr en á árinu 2009. Eftir er að ganga frá loka uppgjöri við Garðabæ.

*Verktaki:* Klæðning ehf., Kópavogi og Glaumur ehf., Garðabæ.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2004.....	32
2005.....	39
2006.....	1.102
2007.....	502
2008.....	175
2009.....	148
Samtals .....	1.998

*Skýringar:* Verkið er unnið í samvinnu við Garðabæ, Kópavogsbæ og veitustofnanir.

12 gatnamót við Vífilsstaðaveg.

*Umfang verks:* Bygging mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar og Vífilsstaðavegar og gerð undirganga undir Vífilsstaðaveg.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 749 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2008.....	406
Breyting 2008.....	456
Fjárlög 2009.....	174
Samtals .....	1.036

*Verkfrámvinda:* Á árinu 2007 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins. Verkið boðið út í ársbyrjun 2008 og framkvæmdir hófust í maí. Mannvirkið tekið í notkun í desember 2008 og lauk á árinu 2009. Eftir er að ganga frá loka uppgjöri við Garðabæ. *Verktaki:* Ris ehf. Garðabæ og Glaumur ehf., Garðabæ.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2007.....	6
2008.....	856
2009.....	174
Samtals .....	1.036

15-18 Krýsuvíkurvegur – Víknavegur, breikkun

*Umfang verks:* Breikkun Reykjanesbrautar úr tveimur akreinum í fjórar akreinar milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur.

1. áfangi verksins er breikkun Reykjanesbrautar á 8,5 km löngum kafla frá Hvassahrauni að Strandarheiði og bygging mislægra

vegamóta við Hvassahraun og Vatnsleysustrandarveg, ásamt færslu Vatnsleysustrandarveggar á um 1,8 km löngum kafla. Á verktímanum var samið um lengingu áfangans um 3,5 km á grundvelli einingarverða tilboðs.

2. áfangi verksins er breikkun Reykjanesbrautar frá Strandarheiði að Njarðvík og bygging mislægra vegamóta við Vogaveg, Skógfellsveg, Grindavíkurveg og Njarðvík.

*Framkvæmdaform: Útboð*

<i>Kostnaðaráætlun:</i>	<i>m.kr.</i>
1. áfangi.....	1.100
2. áfangi.....	2.023
Samtals .....	3.123

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Innistæða fyrri áfanga .....	106
Vegáætlun 2002.....	134
Vegáætlun 2003.....	300
Vegáætlun 2004.....	306
Vegáætlun 2005.....	305
Vegáætlun 2006.....	207
Vegáætlun 2007.....	1.047
Vegáætlun 2008.....	613
Flutt á Hafnaveg 44-03 .....	-41
Breyting 2008 .....	902
Fjárlög 2009 .....	309
Samtals:.....	4.188

*Verkfrámvinda:* 1. áfangi var boðinn út í október 2002 og framkvæmdir hófust í janúar 2003 og lauk þeim hluta í október 2004.

2. áfangi frá Strandarheiði til Njarðvíkur var boðinn út í október 2005 og hófust framkvæmdir um haustið. Áætluð verklok voru í júní 2008. Í desember 2007 varð verktakinn Jarðvélar ehf. gjaldþrota. Það sem eftir stóð af verkinu var boðið út aftur og tilboð opnuð í apríl 2008. Verklök voru í október 2009. Á árinu 2010 verður unnið að loka uppgjöri við verktaka og landeigendur vegna efnistöku.

*Verktaki:* 1. áfangi Háfell ehf., Reykjavík, Jarðvélar ehf., Kópavogi og Eykt ehf., Reykjavík.  
2. áfangi. Jarðvélar ehf., Reykjavík.

2. áfangi endurútboð: Ístak hf., Reykjavík.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2002.....	7
2003.....	602
2004.....	544
2005.....	46
2006.....	672
2007.....	681
2008.....	1.327
2009.....	309
Samtals .....	4.188

*Skýringar:* Verulegur aukakostnaður varð vegna gjaldþrots Jarðvéla ehf. og endurútboðs verksins.

## 42 Krýsuvíkurvegur

01 Reykjanesbraut – Vatnsskarð

*Umfang verks:* Bygging á nýjum 1,5 km löngum kafla Krýsuvíkurvegar frá Hraunhelli að Hamranesi.

*Framkvæmdaform: Útboð*

*Kostnaðaráætlun:* 119 m.kr.

*Fjármögnun:* m.kr.

Vegáætlun 2005.....	27
Vegáætlun 2006.....	36
Vegáætlun 2007.....	55
Vegáætlun 2008.....	114
Breyting 2008 .....	-56
Fjárlög 2009 .....	7
Samtals .....	183

*Verkfrámvinda:* Verkið var boðið út í október 2005 og hófust framkvæmdir í nóvember. Verki lauk í september 2006. Á árunum 2008 og 2009 var lagt seinna lag malbiks og unnið að hönnun og undirbúningi næsta áfanga verksins.

*Verktaki:* Borgarvirki ehf., Kópavogi. Malbikun 2008, Loftorka Reykjavík ehf., Reykjavík.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2004.....	5
2005.....	19
2006.....	105
2007.....	2
2008.....	45
2009.....	7
Samtals .....	183

**43 Grindavíkurvegur**

01 Reykjanesbraut – Grindavík  
*Umfang verks:* Uppsetning veglýsingar á um 700 m löngum kafla næst Grindavík.

*Framkvæmdaform:* Samningur.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Breyting 2008 .....	3
Fjárlög 2009 .....	14
Samtals .....	17

*Verkframingvinda:* Unnið var að undirbúningi verksins árið 2008 og lauk uppsetningu lýsingar á árinu 2009.

*Verktaki:* Vinnuflokkur

Vegagerðarinnar

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2008 .....	3
2009 .....	14
Samtals .....	17

**45 Garðskagavegur**

04 um Sandgerði  
*Umfang verks:* Fyrri áfangi verksins var endurbygging og lagfæring á Garðskagavegi á um 400 m löngum kafla um Sandgerði. Seinni áfangi verksins var endurbygging á um 300 m löngum kafla milli Túngötu og Austurgötu.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

<i>Kostnaðaráætlun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fyrri áfangi .....	25
Síðari áfangi .....	35
Samtals .....	60

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2006 .....	22
Flutt af kafla 05 .....	19
Fjárlög 2009 .....	30
Samtals .....	71

*Verkframingvinda:* Fyrri áfangi verksins var boðinn út í júní 2006 og lauk á árinu 2007, þá var einnig sett upp lýsing við Sandgerðisveg. Á árunum 2008 og 2009 var unnið við síðari áfanga verksins og var það framkvæmt á vegum Sandgerðisbæjar.

*Verktaki:* Nesprýði ehf., Reykjanesbæ.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2005 .....	7
2006 .....	5
2007 .....	22
2008 .....	7
2009 .....	30
Samtals .....	71

*Skýringar:* Verkið er unnið í samvinnu við Sandgerðisbæ. Kostnaður 2008 er vegna loka uppgjörs og frágangsvinnu. Kostnaður árið 2009 er greiðsla til Sandgerðisbæjar.

05 um Ósabatna

*Umfang verks:* Fyrri áfangi verksins var bygging á nýjum 5,4 km löngum malarvegi um Ósabatna frá Stafnesi að Hafnavegi. Síðari áfangi verksins var lögn efra burðarlags og klæðingar.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

<i>Kostnaðaráætlun:</i>	<i>m.kr.</i>
Fyrri áfangi .....	47
Síðari áfangi .....	60
Samtals .....	107

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2004 .....	15
Vegáætlun 2005 .....	10
Flutt á kafla 04 .....	-19
Breyting 2008 .....	57
Fjárlög 2009 .....	59
Samtals .....	122

*Verkframingvinda:* Fyrri áfangi verksins, bygging vegar með malarslitlagi, var boðinn út í maí 2006 og lauk að mestu á því ári. Síðari áfanginn var unninn á vegum Sandgerðisbæjar og lauk honum haustið 2008, en var greiddur á árinu 2009.

*Verktaki:* Fyrri áfangi: Afrek ehf., Reykjavík. Síðari áfangi: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2004 .....	6
2005 .....	3
2006 .....	49
2007 .....	5
2009 .....	59
Samtals .....	122

**Hönnun og undirbúningur verkefna, Suðvestursvæði**

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Suðvestursvæði, sem ekki hafa sérstakar fjárveitingu í vegáætlun.

*Fjármögnun:* *m.kr.*  
 Breyting á vegáætlun 2008 .. 206  
 Fjárlög 2009 ..... 205  
 Samtals ..... 411

Verkefni:	kostnaður í m.kr.					samtals
	2005	2006	2007	2008	2009	
Hringvegur 1-e2						
Nesjavallaleið – Breiðholtsbraut	0	0	6	23	22	51
Hringvegur 1-f5/f7 Kjalarnes breikkun	0	5	2	35	20	62
Hafnarfjarðarvegur 40-04						
Vífilsstaðavegur – Fjarðarbraut	3	1	1	0	17	22
Reykjanesbraut 41-02						
Faxagata – Hafnarfjarðarvegur	3	1	0	0	0	4
Reykjanesbraut 41-14						
Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur	0	13	8	9	37	67
Reykjanesbraut 41-15						
Fjarðarbraut – Vatsleysustrandarvegur	0	0	0	0	2	2
Reykjanesbraut 41-21						
Grænás – Garðskagavegur	0	0	0	8	13	21
Hafnavegur 44-03						
Stapafellsvegur – Hafnir	0	0	0	0	1	1
Kjósarskarðsvegur 48-01						
Hvalfjarðarvegur						
– Meðalfellsvegur	0	0	3	19	22	44
Arnarnesvegur 411-05						
Reykjanesbraut – Leirdalur	0	0	0	31	29	60
Arnarnesvegur 411-06						
Rjúpnavegur – Breiðholtsbraut	0	0	0	6	1	7
Bláfjallavegur 417-02						
Bláfjallaleið – Krýsuvíkurvegur	0	0	0	1	0	1
Hallsvegur 432-01						
Hringvegur – Höfðabakki	0	0	7	7	3	17
Nesjavallaleið 435-01						
Hafravatnsvegur – sýslumörk	0	2	2	1	1	6
Sundabraut 450-01						
Reykjavík Geldinganes	0	0	0	0	37	37
Ofanbyggðavegur 480-01						
ofan Hafnarfjarðar	1	8	0	0	0	9
Samtals	7	30	29	140	205	411

**49 Nesbraut**

03 Reykjanesbraut –  
Hafnarfjarðarvegur  
*Umfang verks:* Gerð viðbótarakreinar  
á Nesbraut til að auðvelda umferð  
almenningsfarartækja.

*Framkvæmdaform:* Útboð á vegum  
Reykjavíkurborgar.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Flutt af kafla 04-05 .....	3
Breyting 2008 .....	147
Fjárlög 2009 .....	5
Samtals .....	155

*Verkfrámvinda:* Verkinu lauk að mestu  
á árinu 2008. Kostnaður á árinu 2009  
er vegna loka uppgjors og frágangs.

*Verktaki:* Urð og grjót ehf., Reykjavík.

<i>Kostnaður:</i>	<i>m.kr.</i>
2008.....	150
2009.....	5
Samtals .....	155

**415 Álftanesvegur**

Hafnarfjarðarvegur – Bessastaðavegur  
*Umfang verks:* Nýbygging á  
Álftanesvegi milli Hafnarfjarðarvegur  
og Bessastaðavegar.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 970 m.kr.

<i>Fjármögnun:</i>	<i>m.kr.</i>
Vegáætlun 2007.....	217
Vegáætlun 2008.....	503
Breyting 2008 .....	-612
Flutt á kafla 06 .....	-16
Flutt á Vífilsstaðaveg .....	-27
Fjárlög 2009 .....	234
Samtals .....	299

*Verkfrámvinda:* Á árunum 2005 til  
2008 var unnið að hönnun og undir-  
búningi verksins. Verkið boðið út í  
febrúar 2009 og tilboð opnuð 7. apríl.  
Áður en kom til samninga var ákveðið  
að hætta við framkvæmdina vegna  
ástands ríkisfjármála. Þó var samið  
við lægst bjóðanda um að ljúka gerð  
hringtorgs á Álftanesi, Fógetatorg.  
